

# Staða úrgangsmála á Suðurlandi 2016



Áfangaskýrsla  
Mars 2017

Efnisyfirlit

<b>1. Formáli</b>	<b>4</b>
<b>2. Bakgrunnur</b>	<b>5</b>
2.1 Lagafyrirmæli	5
2.2 Stefna um meðhöndlun úrgangs	7
2.3 Stefna um úrgangsförvarnir	7
2.4 Svæðisáætlun	8
2.5 Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga	9
2.6 Staðardagskrá 21 og önnur stefnumótun sveitarfélaga	9
<b>3. Staða úrgangsmála á Suðurlandi</b>	<b>11</b>
3.1 Kirkjuferjuháleiga	12
3.2 Samningar við Sorpu	12
3.3 Núverandi hlutverk SOS	13
3.4 Umsýslugjald	14
3.5 Orkugerðin ehf.	15
<b>4. Staða úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum</b>	<b>18</b>
4.1 Sveitarfélagið Ölfus	20
4.2 Hveragerðisbær	22
4.3 Sveitarfélagið Árborg	24
4.4 Flóahreppur	25
4.5 Grímsnes- og Grafningshreppur	26
4.6 Bláskógabyggð	28
4.7 Hrunamannahreppur	29
4.8 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	31
4.9 Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	33
<b>5. Staða úrgangsmála: Samantekt</b>	<b>37</b>
5.1 Samþykktir og gjaldskrár	37
5.2 Söfnun og meðhöndlun	38
5.3 Losunartíðni	39
5.4 Flokkunarmöguleikar	40

<b>5.5</b>	<b>Magn úrgangs á hvern íbúa</b>	<b>41</b>
<b>5.6</b>	<b>Magn úrgangs til urðunar</b>	<b>43</b>
<b>6.</b>	<b><i>Kostnaðargreining</i></b>	<b>45</b>
<b>7.</b>	<b><i>Viðauki 1 - Úrgangsmagn í einstökum sveitarfélögum 2016</i></b>	<b>47</b>

## 1. Formáli

Sorpstöð Suðurlands (SOS) er byggðasamlag 11 sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum, sem stofnað var árið 1981. Markmið samlagsins er m.a. að annast förgun úrgangs fyrir aðildarsveitarfélögin og stuðla að þróun hagkvæmrar sorphirðu á þann hátt að flokkun og endurvinnsla aukist samfara minnkun þess sorps sem fer til förgunar. Starfseminni skal hagað þannig að hún uppfylli ákvæði laga, reglugerða og starfsleyfa og sé í sátt við umhverfið, jafnframt því sem sveitarfélög og aðrir viðskiptaaðilar á Suðurlandi njóti hagkvæms reksturs.<sup>1</sup>

Haustið 2016 óskaði stjórn SOS eftir aðstoð Environice við greiningu á stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og gerð tillagna um fyrirkomulag málaflokksins í landshlutanum á næstu árum. Verkefnið felur m.a. í sér að afla upplýsinga um núverandi stöðu mála og kortleggja uppruna og afdrif úrgangs, bæði út frá fyrirliggjandi gögnum og með nánari athugunum, kanna möguleika á mismunandi úrvinnsluleiðum fyrir einstaka úrgangsflokka, leggja lauslegt mat á þessa möguleika út frá tæknilegum og fjárhagslegum forsendum og gera tillögur að fýsilegum valkostum á grunni framangreindra upplýsinga. Verkið er unnið í nánú samstarfi við formann og aðra fulltrúa í stjórn SOS, sem jafnframt gegnir hlutverki verkefnisstjórnar.

Verkið sem hér um ræðir hófst um miðjan október 2016 og var ráð fyrir því gert að skýrslu með fyrstu niðurstöðum yrði skilað 31. janúar 2017. Síðar var ákveðið að fresta þessum áfanga fram í febrúar, eða þar til fyrir lögju endanlegar upplýsingar um magn og afdrif mismunandi flokka úrgangs sem til féll á Suðurlandi árið 2016. Sú skýrsla sem hér birtist inniheldur fyrst og fremst samantekt um úrgangsmagn og fyrirkomulag úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum á starfssvæði SOS, en gert er ráð fyrir að lokaskýrsla liggi fyrir haustið 2017 og að þar verði settar fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag úrgangsmála á svæðinu.

Skýrslan er þannig upp byggð að eftir almenna umfjöllun um bakgrunn verkefnisins er gefið yfirlit yfir stöðu úrgangsmála, fyrst í landshlutanum almennt og síðan í einstökum sveitarfélögum sem í hlut eiga. Í lok kaflans er að finna samantekt um tiltekna þætti, þ.á. m. um samþykktir og gjaldskrár sveitarfélaganna vegna úrgangsmála og samanburð á flokkunarmöguleikum og fleiri atriðum. Í viðauka er að finna töflur með upplýsingum um magn úrgangs í hverju sveitarfélagi um sig og á svæðinu í heild.

---

<sup>1</sup> Sorpstöð Suðurlands (2015): *Samþykktir Sorpstöðvar Suðurlands*.  
<http://www.sorpstodsudurlands.is/samthykktir>.

## 2. Bakgrunnur

Óvissa hefur ríkt um framtíð úrgangsmála á Suðurlandi, sérstaklega eftir að urðunarstað Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) í Kirkjuferjuháleigu var lokað 1. desember 2009 í framhaldi af áralöngum deilum sem staðið höfðu um skipulag svæðisins. Frá þeim tíma hefur óflokkuðum úrgangi af svæðinu verið ekið til urðunar á urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi í samræmi við samning SOS við Sorpu þar um.

Samningur SOS við Sorpu „um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem upprunninn er á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs.“ var undirritaður 22. maí 2009 og gildi upphaflega til ársloka 2012. Með samningnum skuldbatt Sorpa sig til að taka við óendurvinnanlegum heimilis- og rekstrarúrgangi frá SOS en á móti skuldbatt SOS sig til að skila flokkuðum úrgangsefnum til Sorpu til endurvinnslu. Eftir að samningurinn rann út hefur hann alla jafna verið framlengdur um hálf tveggja ár í senn, nú síðast þó aðeins til þriggja mánaða, þ.e. til marsloka 2017.

Úttekt þeirri sem hér um ræðir er ætlað að gefa yfirlit yfir stöðu úrgangsmála á Suðurlandi og benda á leiðir sem færar kunna að vera til að eyða þeirri óvissu sem hér hefur verið lýst og tengist öðru fremur skorti á langtímaúrræðum fyrir meðhöndlun úrgangs frá Suðurlandi. Sú skýrsla sem hér birtist er áfangaskýrsla sem felur fyrst og fremst í sér greiningu á núverandi stöðu málaflökksins á starfssvæði SOS.

### 2.1 Lagafyrirmæli

Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingum<sup>2</sup> segja til um hvernig standa eigi að stjórnun úrgangsmála hérlendis. Meginmarkmið laganna er m.a. að tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að ekki skapist hættu fyrir heilbrigði manna og dýra og umhverfið verði ekki fyrir skaða, að úrgangsstjórnun sé markviss og hagkvæm og úrgangur sem til fellur fái viðeigandi meðhöndlun, að stuðlað sé að sjálfbærri auðlindanotkun með aðgerðum og fræðslu til að draga úr myndun úrgangs, að nýting hráefna úr úrgangi sem fellur til sé aukin og að handhafar úrgangs greiði kostnað við meðhöndlun hans. Lögin eru nánar útfærð með reglugerð nr. 969/2014 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 737/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Í lögunum er hlutverk sveitarfélaga skilgreint með eftirfarandi hætti:

---

<sup>2</sup> Sbr. lög nr. 63/2014 um breytingu á lögum nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum (síðast breytt með lögum nr. 125/2014).

- Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. (8. gr.).
- Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir. (8. gr.).
- Sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, skal semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir, sbr. 5. gr. laganna. Áætlunin skal taka mið af lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skal jafnframt fjalla um úrgangsforvarnir. (6. gr.).
- Sveitarstjórn skal á a.m.k. sex ára fresti meta og taka ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. (6. gr.).
- Söfnunarstöðvar skulu hafa aðstöðu fyrir móttöku á raf- og rafeindatækjaúrgangi og ber þeim að taka við slíkum úrgangi gjaldfrjálst þegar um er að ræða úrgang frá heimilum. (44. gr.). Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skulu hins vegar kosta geymslu þessa úrgangs á söfnunarstöðvunum. (48. gr.).
- Söfnunarstöðvar skulu einnig taka við öðrum raf- og rafeindatækjaúrgangi en frá heimilum og er heimilt að taka gjald til að standa undir kostnaði við móttöku og geymslu hans. (44. gr.).
- Sveitarfélög skulu veita leiðbeiningar um hvernig beri að flokka raf- og rafeindatækjaúrgang og skila honum til söfnunarstöðva sveitarfélaga. (44. gr.).
- Sveitarstjórnir skulu annast gerð upplýsingaefnis um meðferð úrgangs í sveitarfélaginu og fræða almenning, rekstraraðila og handhafa úrgangs um úrgangsmál í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðisnefndir. (24. gr.).
- Sveitarstjórn setur sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga. Í slíkri samþykkt er heimilt að kveða á um fyrirkomulag sorphirðu, skyldu einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang, stærð, gerð, staðsetningu og merkingu sorphiláta og sambærileg atriði. (8. gr.).
- Sérstök söfnun skal alla jafna vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír, málmum, plasti og gleri ef það er nauðsynlegt með hliðsjón af markmiðum laganna og tæknilega, umhverfislega og efnahagslega gerlegt. Við sérstaka söfnun, flokkun og aðra meðhöndlun úrgangs skal reynt að forðast að blanda honum saman við annan úrgang eða efnivið sem hefur aðra eiginleika ef það leiðir til þess að úrgangurinn verði ekki endurnýttur. Sveitarfélög skulu útfæra

fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs og ákvarða hvar úrgangi er safnað þannig að það sé aðgengilegt fyrir íbúa. (10. og 11. gr.)

- Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru um lífrænan úrgang skv. 13. gr. laganna sé náð á þeirra svæði. (57. gr.).
- Sveitarfélög skulu innheimta gjald fyrir alla meðhöndlun úrgangs. Jafnframt er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laganna, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál. (23. gr.).

Í öðrum lögum og reglugerðum er víða að finna ákvæði um úrgang og meðhöndlun hans.

Ljóst er að mikil ábyrgð og miklar skyldur hvíla á sveitarfélögum hvað úrgangsmál varðar. Auknar kröfur á þessu sviði hafa jafnframt skapað aukinn kostnað fyrir sveitarfélögin. Í sumum tilvikum hafa sveitarfélög t.d. ráðist í dýrar framkvæmdir til að uppfylla skyldur sínar varðandi tiltækar endurnýtingar- og förgunarleiðir. Þetta hefur í einhverjum tilvikum leitt til offjárfestinga í stöðvum til meðhöndlunar úrgangs, sem enginn er svo skyldugur að nota. Að sumra mati er slíkum stöðvum betur fyrir komið hjá aðilum í samkeppnisrekstri.

## 2.2 Stefna um meðhöndlun úrgangs

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 var gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í lok apríl 2013 og fól í sér endurskoðun fyrri landsáætlunar sem kom út árið 2004. Í landsáætlun eru sett fram allmörg markmið í úrgangsmálum, en kostnaðargreiningar fylgja ekki.

Með þeirri breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykkt var á Alþingi 27. maí 2014 hvarf hugtakið „landsáætlun“ úr texta laganna. Þess í stað skal ráðherra gefa út almenna stefnu um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Svæðisáætlanir skulu fylgja þessari stefnu, svo og stefnu ráðherra um úrgangsforvarnir samkvæmt ákvæðum laganna. Gildandi landsáætlun felur í sér umrædda stefnu um meðhöndlun úrgangs þar til ný stefna hefur verið gefin út.<sup>3</sup>

## 2.3 Stefna um úrgangsforvarnir

Samkvæmt breytingu sem gerð var árið 2014 á 5. grein laga nr. 55/2003 skal umhverfisráðherra gefa út almenna stefnu um úrgangsforvarnir til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Í stefnunni skulu m.a. koma fram markmið um úrgangsforvarnir,

---

<sup>3</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2015): Rafbréf 5. mars.

Lýsing á þeim ráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi til að minnka úrgang og mat á gagnsemi tiltekinna ráðstafana. Fyrsta stefnan af þessu tagi var gefin út í ársbyrjun 2016.<sup>4</sup> Auk fyrrgreindra markmiða er tilgangur stefnunnar að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, að draga úr hráefnisnotkun og að minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi. Áhersla er lögð á nægjusemi og nýtni og fræðslu til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Í stefnunni um úrgangsforvarnir er megináhersla lögð á níu flokka sem skipt er í tvennt. Annars vegar er um að ræða sex flokka sem verða í forgangi tvö ár í senn en það eru matvæli, plast, textíll, raftæki, grænar byggingar og pappír. Hins vegar er gert ráð fyrir að unnið verði með þrjá flokka til lengri tíma, þ.e. aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fisks, drykkjarvöruumbúðir og úrgang frá stóriðju. Af stefnunni má ráða að líta beri á aukaafurðir dýra sem hráefni, svo sem til fóðurgerðar, áburðarframleiðslu og moltugerðar. Í stefnunni er lögð áhersla á mikilvægi þess að hafa regluverkið skýrt og einfalt til að stuðla að nýtingu þessara hráefna og skapa aukin tækifæri á endurnýtingu.<sup>5</sup>

## 2.4 Svæðisáætlun

Eins og áður hefur komið fram er sveitarfélögum skylt að semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs til tólf ára í senn, þ.m.t. um leiðir til að draga markvisst úr myndun úrgangs og auka endurnotkun og endurnýtingu. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurnýtingu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Vandlega unnin svæðisáætlun nýtist sveitarstjórnnum vel í annarri stefnumótun og til að fylgjast með þróun mála innan svæðisins. Í því sambandi skiptir vönduð skráning á stöðu úrgangsmála í upphafi svæðisáætlunartímabilsins miklu máli.

Heimilt er að vinna svæðisáætlun sameiginlega fyrir stærri svæði, því að enda þótt ábyrgð á framkvæmd úrgangsmála liggja hjá hverju sveitarfélagi um sig eru mörg verkefni innan málaflokksins þess eðlis að þau verða best leyst í samstarfi fleiri sveitarfélaga, bæði í umhverfislegu og efnahagslegu tilliti. Aðstaða til meðhöndlunar úrgangs er kostnaðarsöm í uppbyggingu og rekstri og því er samvinna til þess fallin að bæta nýtingu fjárfestinga og draga úr rekstrarkostnaði. Um leið verður auðveldara að uppfylla kröfur laga og reglugerða um lágmarkun neikvæðra umhverfisáhrifa.

---

<sup>4</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2016): *Saman gegn sóun. Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027*. [https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Saman-gegn-soun-2016\\_2027.pdf](https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Saman-gegn-soun-2016_2027.pdf).

<sup>5</sup> Sama heimild.



Á a.m.k. sex ára fresti skal sveitarstjórn meta og taka ákvörðun um hvort þörf sé á að endurskoða svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Sorpstöð Suðurlands hefur f.h. sveitarfélaganna á starfssvæði stöðvarinnar átt aðild að sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs á Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi, þ.e. fyrir allt svæðið frá Markarfljóti vestur í Gilsfjörð.<sup>6</sup> Veturinn 2016/2017 var samþykkt að endurskoða áætlunina og á Sorpstöð Suðurlands hlut að þeirri endurskoðun.

## 2.5 Stefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Í janúar 2009 samþykkti stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga stefnumótun í úrgangsmálum og hefur hún verið gefin út í sérstöku riti.<sup>7</sup> Megináherslur stefnumótunarinnar eru annars vegar sjálfbær meðhöndlun úrgangs og hins vegar aukin samvinna og samskipti. Í stefnumótuninni er lögð áhersla á að löggjöf og skipulag úrgangsmála á hverjum tíma stuðli að sjálfbærri meðhöndlun úrgangs, en taki jafnframt mið af íslenskum aðstæðum, að sveitarfélögum verði ávallt tryggð aðkoma að undirbúningi lagasetningar, þ.á m. innleiðingu nýrrar rammatilskipunar ESB um úrgang, að sveitarfélög hagi fjárfestingum á sviði úrgangsmála þannig að fjármunir nýtist sem best og að gjaldtaka fyrir meðhöndlun úrgangs endurspegli raunkostnað. Þá er lögð áhersla á aukna samvinnu sveitarfélaga á sviði úrgangsmála, góð samskipti við ríki og atvinnulíf við framkvæmd málaflokksins, aukin samskipti sveitarfélaga við stofnanir og samtök sveitarfélaga á sviði úrgangsmála í Evrópu og öflugri samskipti sveitarfélaga við vísindasamfélagið.

## 2.6 Staðardagskrá 21 og önnur stefnumótun sveitarfélaga

Fjöldmörg íslensk sveitarfélög, þ.á m. nokkur sveitarfélög á Suðurlandi, hafa mótað sérstaka stefnu um sjálfbæra þróun í heimabyggðinni til langs tíma, oftast undir merkjum Staðardagskrár 21. Eðli málsins samkvæmt spannar Staðardagskráin vítt svið, þar sem þar er í senn litið til vistfræðilegra, efnahagslegra og samfélagslegra þátta. Úrgangsmál eru þannig ekkert aðalatriði í þessari stefnumótun, en óhjákvæmilega hljóta þau samt að koma þar mjög við sögu.

Í Staðardagskrá 21 er jafnan að finna einhvers konar framtíðarsýn fyrir hvert byggðarlag um sig, ásamt með drögum að áætlun um það hvernig þessi framtíðarsýn verði gerð að veruleika. Áform um framtíðarfyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs hljóta að endurspeglast í framtíðarsýninni. Áform um fyrirbyggjandi aðgerðir af ýmsu tagi,

---

<sup>6</sup> Sorpa, Sorpstöð, Suðurlands, Kalka og Sorpurðun Vesturlands (2009): *Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2009-2020*.

[http://www.samlausn.is/files/samlausn/2009.11.11.undirritud\\_endanleg\\_utgafa\\_af\\_svaedisaetlun.pdf](http://www.samlausn.is/files/samlausn/2009.11.11.undirritud_endanleg_utgafa_af_svaedisaetlun.pdf).

<sup>7</sup> Samband íslenskra sveitarfélaga (2009): *Áherslur Sambands íslenskra sveitarfélaga í úrgangsmálum*. <http://www.samband.is/media/urgangsmal/Meginaherslur-i-urgangsmalum.pdf>.


sem ætlað er að draga úr álagi á umhverfið í nálægri og fjarlægri framtíð, skipta ekki síður máli í þessu samhengi, enda er úrgangur ekki afmarkað fyrirbæri, heldur hluti af stærri mynd, afleiðing af neysluvenjum og lífsstíl íbúa á viðkomandi svæði.

Stefna sveitarfélaga í úrgangsmálum endurspeglast einnig að einhverju marki í greinargerð með aðalskipulagi og í öðrum stefnumótandi skjölum viðkomandi sveitarfélags.

### 3. Staða úrgangsmála á Suðurlandi

Til þess að geta gert áætlun til framtíðar er nauðsynlegt að hafa gott yfirlit yfir núverandi stöðu og vitneskju um þá þætti sem helst hafa áhrif á þróun til þeirrar framtíðar sem horft er til. Þetta kallar á góða yfirsýn yfir magn alls úrgangs sem fellur til, uppruna hans, flokkun og flæði. Einnig þarf að liggja fyrir greinargóð mynd af núverandi fyrirkomulagi og framkvæmd, ásamt upplýsingum um kostnað við þá tilhögun sem viðhöfð er. Út frá þessum upplýsingum er síðan hægt að leggja á ráðin um framtíðina.

Þessi úttekt nær yfir allt starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs., þ.e. svæðið frá Helliheiði í vestri að Markarfljóti í austri. Að vissu marki nær hún reyndar allt austur að Jökulsá að Sólheimasandi, en þar liggja austurmörk austasta sveitarfélagsins sem hlut á að máli, Rangárþings eystra, eftir sameiningu við Vestur- og Austur-Eyjafjallahreppa. Á svæðinu öllu eru 11 sveitarfélög. Landfræðileg mörk svæðisins eru sýnd á mynd 1 og í töflu 1 má sjá íbúafjölda og flatarmál hvers sveitarfélags um sig. Eins og sjá má á töflunni er samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna sem í hlut eiga 19,534 eða um 5,87% af heildaríbúafjölda landsins. Heildarflatarmál svæðisins er 16.970 km<sup>2</sup>, eða um 16,52% af flatarmáli Íslands. Þéttleiki byggðar á svæðinu er þannig aðeins um þriðjungur af meðalþéttleika byggðar á Íslandi.



Mynd 1. Landfræðileg mörk þess svæðis sem úttektin nær til (svört lína).

Sorpsamlag	Sveitarfélag	Íbúar 1. jan. 2016	Flatarmál (km <sup>2</sup> )	Íbúar/ km <sup>2</sup>
Sorpstöð Suðurlands bs.	Sveitarfélagið Ölfus	1.956	737	2,65
	Hveragerðisbær	2.463	9	273,67
	Sveitarfélagið Árborg	8.206	158	51,94
	Flóahreppur	619	289	2,14
	Grímsnes- og Grafningsshr.	465	900	0,52
	Bláskógabyggð	979	3.300	0,30
	Hrunamannahreppur	807	1.375	0,59
	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	2.231	0,23
	<b>Samtals</b>	<b>16.016</b>	<b>8.999</b>	<b>1,78</b>
Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.	Ásahreppur	218	2.942	0,07
	Rangárþing ytra	1.526	3.188	0,48
	Rangárþing eystra	1.774	1.841	0,96
	<b>Samtals</b>	<b>3.518</b>	<b>7.971</b>	<b>0,44</b>
<b>Samtals alls</b>		<b>19.534</b>	<b>16.970</b>	<b>1,15</b>

Tafla 1. Íbúafjöldi og flatarmál sveitarfélaga á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands.<sup>8</sup>

### 3.1 Kirkjuferjuháleiga

Sorpstöð Suðurlands rak um árabíl urðunarstað í landi Kirkjuferjuháleigu í Ölfusi. Aðal- og deiliskipulag fyrir svæðið var samþykkt 1994 og sama ár var gefið út leyfi fyrir framkvæmdum, svo og starfsleyfi. Rekstur urðunarstaðarins hófst árið 1995. Starfsleyfi staðarins var endurnýjað á árinu 1998 og aftur 2002. Urðun var hætt á svæðinu 1. desember 2009 í framhaldi af áralöngum deilum sem staðið höfðu um skipulag svæðisins og snerust m.a. um hæð urðunarreina.<sup>9</sup> Samtals voru urðuð á svæðinu um 366.000 tonn af úrgangi eða um 26.000 tonn á ári meðan urðað var.<sup>10</sup> Sorpstöð Suðurlands ber ábyrgð á viðhaldi urðunarstaðarins og vöktun og greiningu vatns í nágrenni hans í samræmi við fyrirmæli Umhverfisstofnunar um frágang og vöktun frá 13. maí 2015.<sup>11</sup>

### 3.2 Samningar við Sorpu

Frá því að urðunarstaðnum í Kirkjuferjuháleigu var lokað 1. desember 2009 hefur óflokkuðum úrgangi af starfssvæði SOS verið ekið til urðunar á urðunarstað Sorpu bs. í

<sup>8</sup> Íbúafjöldi skv. tölum Hagstofu Íslands. Flatarmál sveitarfélaga skv. upplýsingaveitu Sambands íslenskra sveitarfélaga. <http://upplýsingaveita.samband.is>.

<sup>9</sup> Sbr. m.a. úrskurð Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála 6. nóvember 2008 nr. 17/2007 Kirkjuferjuháleiga, <http://www.uua.is/?c=verdic&id=651>.

<sup>10</sup> Efla verkfræðistofa (2014): *Urðunarstaður Kirkjuferjuháleigu Ölfusi. Lokunaráætlun*. Sorpstöð Suðurlands, maí 2014.

<sup>11</sup> Umhverfisstofnun (2015): *Fyrirmæli um frágang og vöktun. Urðunarstaður Kirkjuferjuháleigu*. <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/sudurland/sorpstod-sudurlands>.

Álfsnesi í samræmi við samning SOS við Sorpu „um móttöku og meðhöndlun úrgangs sem upprunninn er á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands bs.“. Samningur þessi var undirritaður 22. maí 2009 og gildi upphaflega til ársloka 2012. Með samningnum skuldbatt Sorpa sig til að taka við óendurvinnanlegum heimilis- og rekstrarúrgangi frá SOS en á móti skuldbatt SOS sig til að skila flokkuðum úrgangsefnum til Sorpu til endurvinnslu. Samningurinn náði þó ekki til spilliefna, garðaúrgangs og landbúnaðarúrgangs. Eftir að samningurinn rann út hefur hann jafnan verið framlengdur um hálf t. ár í senn, þar til í desember 2016 þegar sá tími var stytur í þrjá mánuði, þ.e. til marsloka 2017.

Samkvæmt samningi SOS og Sorpu skyldi SOS „á samningstímanum kanna frekar möguleika á urðunarstað í héraði“. Síðustu misseri hefur sameiginlegur viðræðuhópur aðila rætt hugsanlegar leiðir hvað þetta varðar og hefur athyglin í því sambandi einkum beinst að möguleikum á að byggja upp aðstöðu á Nessandi í Ölfusi til meðhöndlunar úrgangs. Þegar samningur SOS og Sorpu var framlengdur í júní 2016 setti stjórn Sorpu það m.a. sem skilyrði að áfram yrði unnið að skipulagi að nýjum urðunarstað í Ölfusi. Sveitarstjórn Ölfuss hefur hins vegar ekki léð máls á þessu að óbreyttu. Aðrar hugmyndir um förgun úrgangs á svæðinu hafa ekki verið áberandi í umræðunni.

Uppi hafa verið hugmyndir um sameiningu SOS og Sorpu en viðræður þar um hafa legið niðri um tíma.

Eins og fram kemur hér að framan rennur núgildandi framlenging á samningi SOS við Sorpu út í lok mars 2017. Á fundi í stjórn Sorpu bs. 16. desember 2016 þar sem þessi framlenging var samþykkt kom fram að stjórn Sorpu legði áherslu á að að þeim tíma liðnum liggi fyrir „tímasett áætlun SOS um framhald á samstarfi þ.m.t. möguleikar á urðunarstað í landi Ölfuss“.

### 3.3 Núverandi hlutverk SOS

Eins og staðan er í dag er SOS fyrst og fremst samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Suðurlandi um úrgangsmál, m.a. í leitinni að sameiginlegum lausnum í málaflokknum. Eftir lokun urðunarstaðarins í Kirkjuferjuháleigu hefur hlutverk SOS í raun öðru fremur falist í að vera milliliður í samskiptum sveitarfélaganna við Sorpu. SOS stendur með öðrum orðum ekki fyrir neinum eiginlegum rekstri og er aldrei „eigandi úrgangs“ í einfaldasta skilningi þeirra orða.

Samningsamband SOS við Sorpu annars vegar og við aðildarsveitarfélögin hins vegar er sérstakt að því leyti að SOS hefur tekið á sig skuldbindingar fyrir hönd sveitarfélaganna gagnvart Sorpu án þess að tryggt sé að sveitarfélögunum sé formlega skylt að gera SOS kleift að standa við þessar skuldbindingar. Einhverjar sveitarstjórnir hafa samþykkt bókanir þar að lútandi, en að öðru leyti verður ekki séð að formleg

skylda hvíli á einstökum sveitarfélögum á svæðinu að sjá til þess að úrgangur á þeirra vegum fari í þann farveg sem samningur SOS og Sorpu kveður á um. Sveitarfélögin hafa, hvert um sig og á eigin forsendum, samið við verktaka um að annast tiltekna þætti úrgangsmála, þ.m.t. sorphirðu og flutning úrgangs til förgunar eða annarrar meðhöndlunar. Við þessa samningsgerð eru flest sveitarfélögin væntanlega óbundin af samningi SOS og Sorpu, formlega séð, og því ekki sjálfkrafa tryggt að verktakar séu skuldbundnir til að skila öllum úrgangi, jafnt óflokkuðum sem endurvinnanlegum, til Sorpu eins og samningurinn kveður á um. Þetta hefur þó gengið eftir í flestum tilvikum.

Eins og ljóst er af framanskráðu eru rekstrarumsvif SOS mjög takmörkuð. Stærsti útgjaldaliðurinn tengist frágangi og vöktun urðunarstaðarins í Kirkjuferjuháleigu en þar að auki fellur til nokkur kostnaður vegna skrifstofuhalds, fundarhalda og sérfræðiaðstoðar. Þessum útgjöldum er mætt með umsýslugjaldi frá aðildarsveitarfélögum, eins og nánar er skýrt hér að neðan.

### 3.4 Umsýslugjald

Rekstrartekjur SOS koma frá umsýslugjaldi sem leggst ofan á gjöld Sorpu fyrir förgun og aðra meðhöndlun úrgangs. Í sinni einföldustu mynd virkar þetta kerfi þannig að Sorpa rukkar SOS um gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir allan úrgang sem þangað berst frá starfssvæði SOS. SOS rukkar síðan viðkomandi sveitarfélag um sömu upphæð að viðbættu umsýslugjaldinu fyrir þá úrgangsflokka þar sem það á við. Forsenda þess að þetta kerfi virki er að úrgangurinn sé merktur upprunasveitarfélagi þegar hann berst til Sorpu. Bílstjórar gámafyrirtækjanna sem flytja úrganginn til Sorpu eru því alla jafna með eitt viðskiptakort fyrir hvert sveitarfélag sem þeir framvísa þegar úrgangurinn er veginn inn hjá Sorpu. Reikningar Sorpu til SOS eru síðan sundurliðaðir eftir sveitarfélögum í samræmi við þetta.

Viðskiptakortafyrirkomulagið sem lýst er hér að framan nýtist ekki þegar úrgangsfarmar frá mismunandi sveitarfélögum blandast saman á leið sinni til Sorpu eins og gerist við umstöflun í móttökustöðvum. Þetta á við um sorphirðu á vegum Íslenska gámafélagsins (ÍGF) sem þjónustar nú 4 sveitarfélög á starfssvæði SOS. ÍGF rekur söfnunar- og móttökustöð fyrir úrgang á Selfossi og þar er úrgangi umstaflað til flutnings til Sorpu á stærri gámabílum. SOS rukkar því umrædd sveitarfélög fyrir urðun/meðhöndlun að viðbættu umsýslugjaldi samkvæmt tölum frá ÍGF um innvegið magn til móttökustöðvarinnar. Sama á í raun við um úrgang frá sveitarfélögunum þremur í Rangárvallasýslu en honum er umstaflað í móttökustöðinni á Strönd og er fluttur þaðan til Sorpu án þess að vera merktur sveitarfélögunum. Í því tilviki stendur rekstaraðili stöðvarinnar, Sorpstöð Rangárvallasýslu, skil á greiðslum til SOS eins og um eitt sveitarfélag væri að ræða.

Í reynd er viðskiptakortafyrirkomulagið enn takmarkaðra en lýst er hér að framan, þar sem Gámaþjónustan skilar öllum úrgangi inn til Sorpu á eigin viðskiptakorti. Þetta er að sögn gert til að fyrirbyggja ranga kortanotkun. Sorpa rukkar þá SOS fyrir urðun/meðhöndlun alls þess úrgangs sem um ræðir og SOS rukkar síðan Gámaþjónustuna um sömu upphæð að viðbættu umsýslugjaldi fyrir þá úrgangsflokka þar sem það á við. Gámaþjónustan hefur í samræmi við þetta bætt umsýslugjaldinu ofan á reikninga sína til viðkomandi sveitarfélaga. Þetta fyrirkomulag hefur óbeint leitt til þess að SOS hefur ekki fengið reglulegar upplýsingar um sundurliðun úrgangs frá þeim sveitarfélögum sem eru í viðskiptum við Gámaþjónustuna. Í einhverjum tilvikum hefur Gámaþjónustan heldur ekki skilað öllum úrgangi til Sorpu, þrátt fyrir ákvæði í samningi SOS við Sorpu þar um, enda sem fyrr segir ekki augljóst að Gámaþjónustan og aðrir verktakar séu bundnir af þeim samningi. Eftir sem áður hefur Gámaþjónustan væntanlega rukkað sveitarfélög um umrætt umsýslugjald fyrir allan úrgang í þeim flokkum sem gjaldið leggst á, sem þýðir að gjaldið fyrir þann hluta úrgangsins sem ekki er skilað til Sorpu hefur orðið eftir hjá Gámaþjónustunni.

Í nokkrum tilfellum hefur SOS ekki bætt umsýslugjaldi á reikninga til Gámaþjónustunnar, heldur rukkað viðkomandi sveitarfélög beint um umsýslugjaldið eitt og sér. Misbrestur á skilum magnupplýsinga til SOS hefur hins vegar gert það að verkum að þessi innheimta hefur ekki verið mánaðarleg, heldur framkvæmd í lotum eftir því sem upplýsingar berast. Rætt hefur verið um að koma allri innheimtu umsýslugjalds vegna úrgangs á forræði Gámaþjónustunnar í þennan farveg, m.a. til að fyrirbyggja að sveitarfélögin greiði umsýslugjald sem ekki skilar sér til SOS, (sjá framar).

Þær ólíku leiðir sem þróast hafa, bæði hvað varðar farveg úrgangs frá uppsprettu til förgunar/meðhöndlunar og fjárstreymi, gera það að verkum að innheimta umsýslugjalds til SOS er tiltölulega flókin og í einhverjum tilvikum óviss. Vera kann að ástæða sé til að huga að breyttu fyrirkomulagi hvað þetta varðar.

### 3.5 Orkugerðin ehf.

SOS á 34,1% hlut í kjötmjölsverksmiðju Orkugerðarinnar í Flóa á móti sláturleyfishöfum á Suðurlandi. Orkugerðin hefur átt í miklum fjárhagserfiðleikum en áframhaldandi starfsemi hefur verið tryggð, a.m.k. í bili, með samþykkt nauðasamninga. Reksturinn er þó enn viðkvæmur, bæði vegna framkvæmda sem nauðsynlegar eru til að uppfylla opinberar kröfur og vegna ótryggrar hráefnisöflunar.

Starfsemi Orkugerðarinnar hófst í ágúst 2000 og hefur gengið vel frá tæknilegu sjónarmiði. Í raun má segja að verksmiðjan hafi verið í gangi flesta daga frá upphafi, að frátöldum nokkrum vikum á tímabilinu 2002-2003.<sup>12</sup>

Orkugerðin getur tekið við allt að 8.000 tonnum af sláturúrgangi á ári, en undanfarin ár hefur magnið verið á bilinu 5.000-6.500 tonn. Úr þessu hráefni er annars vegar framleidd fita, sem nýtist m.a. til að kynda verksmiðjuna, og hins vegar kjötmjöl sem selt er sem áburðarefni til uppgræðslu, skógræktar og í aðra ræktun. Kjötmjölið hefur reynst mjög vel til áburðar, enda inniheldur það helstu næringarefni í heppilegum hlutföllum (N um 8%, P um 5% og K um 0,5%) og er auk heldur seinleyst sem gerir það enn fýsilegra en ella til uppgræðslu.<sup>13</sup>

Allur venjulegur sláturúrgangur getur nýst Orkugerðinni sem hráefni. Sláturúrgangur úr áhættuflokki 1 þarf þó að fara í brennslu og sama gildir um dýrahrae. Brennslustöð Kölkku á Suðurnesjum tekur við þessum hluta en á síðustu misserum hafa nokkrir sláturleyfishafar fengið leyfi til að reka brennslustöðvar fyrir þann úrgang af áhættuflokki 1 sem fellur til í þeirra eigin starfsemi. Möguleikar Orkugerðarinnar til hráefnisöflunar ráðast m.a. af því að þessum takmörkunum sé fylgt eftir, þ.e. að sláturleyfishafar freistist ekki til að brenna nýtanlegan úrgang í þessum stöðvum. Þá viðgengst enn að sláturúrgangur sé urðaður í einhverjum mæli. Það þrengir ekki aðeins að möguleikum Orkugerðarinnar og annarra úrvinnsluaðila til hráefnisöflunar, heldur tapast einnig með því verðmæt næringarefni. Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga að landeyðing telst enn verulegt vandamál á Íslandi og allt það lífræna áburðarefni sem hægt væri að framleiða á Íslandi gæti nýst sem hluti af lausninni.

Samkvæmt stefnu umhverfisráðherra um úrgangsforvarnir vilja stjórnvöld hafa frumkvæði að bættri nýtingu aukaafurða af sláturdýrum. Því má ætla að urðun sláturúrgangs heyri fljótlega sögunni til.<sup>14</sup>

Hingað til hafa tekjur Orkugerðarinnar fyrst og fremst byggst á móttökugjöldum, enda hefur markaðsstarf verið erfitt vegna breytilegra skilmála yfirvalda varðandi nýtingu afurðanna. Nú virðist reglugerðarumhverfið hins vegar vera orðið stöðugra og þar með opnast nýir möguleikar í markaðssetningu og sölu. Þeir sem kaupa kjötmjöl sem lífrænt

---

<sup>12</sup> Guðmundur Tryggvi Ólafsson (2016): Símtal 18. október.

<sup>13</sup> Hreinn Óskarsson (2016): *Kjötmjöl – yfirburða áburðarefni til uppgræðslu lands*. Bændablaðið 23. mars 2016. <http://www.bbl.is/frettir/skodun/lesendabasinn/kjotmjol-%E2%80%93-yfirburda-aburdarefni-til-uppgraedslu-lands/15424>.

<sup>14</sup> Umhverfis- og auðlindaráðuneytið (2016): *Saman gegn sóun. Almenn stefna um úrgangsforvarnir 2016-2027*. [https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF\\_skrar/Saman-gegn-soun-2016\\_2027.pdf](https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Saman-gegn-soun-2016_2027.pdf).



áburðarefni þurfa þó að sýna ívið meiri fyrirhyggju en í öðrum áburðarkaupum þar sem bera þarf kjötmjölið á fyrir 1. nóvember ef um er að ræða beutiland eða land sem notað er til fóðurgerðar. Skal landið þá jafnframt friðað fyrir beit a.m.k. til 1. apríl. Þó er heimilt að bera „kjötmjöl að vori á land sem síðan er unnið til túnræktar, kornræktar eða til ræktunar einærra fóðurjurta, enda sé borið á landið áður en jarðvinnsla fer fram þannig að [...] kjötmjölið gangi niður í jarðveginn“.<sup>15</sup>

---

<sup>15</sup> Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (2012): Reglugerð nr. 395/2012 um (3.) breytingu á reglugerð nr. 108/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis, auk áorðinna breytinga. <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/395-2012>.

#### 4. Staða úrgangsmála í einstökum sveitarfélögum

Sveitarfélögin á Suðurlandi fara flest svipaðar leiðir í móttöku og meðhöndlun úrgangs en útfærslur eru þó nokkuð mismunandi. Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir stöðu úrgangsmála í hverju sveitarfélagi um sig. Nánara yfirlit yfir magn einstakra úrgangsflokka í hverju sveitarfélagi er að finna í töflum í viðauka, skipt eftir afdrifum (urðun, endurnýting, endurvinnsla).

Í umfjöllun um stöðu mála og í töflum sem fylgja umfjölluninni er ekki gerð tilraun til að greina á milli úrgangs frá heimilum annars vegar og rekstri hins vegar. Í reynd er mjög erfitt að draga skýra línu þarna á milli, annars vegar vegna þess að upphaflegur uppruni úrgangs er sjaldnast skýrt tilgreindur þegar úrgangsmagn er skráð og hins vegar vegna þess hversu óljós mörkin eru á milli heimilis- og rekstrarúrgangs í sveitum. Reynsla á því sviði gefur þó tilefni til að ætla að um þriðjungur óflokkaðs úrgangs í sveitum komi frá heimilishaldi og um tveir þriðjuhlutar frá landbúnaðarstarfsemi. Sum sveitarfélög á svæðinu veita rekstraraðilum mikla þjónustu á sviði úrgangsmála. Í þeim tilvikum má ætla að að talsverður hluti af þeim rekstrarúrgangi sem til fellur endurspeglar úrgangstölum sveitarfélaganna og komi þar af leiðandi fram í viðauka 1. Annars staðar, einkum í þéttbýlustu sveitarfélögunum, eru flestir rekstraraðilar með beina samninga við gámafyrirtækin um söfnun, flutning og ráðstöfun úrgangs. Erfitt hefur reynst að fá yfirsýn yfir magn þessa hluta úrgangsins og því vantar alla tölfræði þar að lútandi í töflurnar í viðauka 1. Í töflunum er aðeins að finna tölur um þann úrgang sem kemur á einhvern hátt til kasta SOS.

Öll sveitarfélögin sem hlut eiga að máli hafa samið við þjónustuaðila (Gámaþjónustuna hf. eða Íslenska gámafélagið ehf.) um sorphirðu og aðra helstu þætti úrgangsmeðhöndlunar. Í þeim viðskiptum gildir sú meginregla að allur úrgangur sem safnað er sé afhentur Sorpu bs. til ráðstöfunar í samræmi við samning SOS og Sorpu þar um. Þetta fyrirkomulag er þó ekki í öllum tilvikum áskilið í samningum sveitarfélaganna við þjónustuaðilana.

Við gerð þessarar samantektar voru upplýsingar um magn úrgangs í einstökum sveitarfélögum að mestu leyti fengnar hjá Gámaþjónustunni og Íslenska gámafélaginu, auk þess sem Efnamóttakan lét í té tölur um spilliefni. Tölurnar sem fengust með þessu móti voru eftir föngum bornar saman við tiltæk talnagögn á skrifstofu SOS.

Miðað við þær tölur sem lágu fyrir í lok febrúar 2017 féllu til samtals 12.325 tonn af úrgangi í umræddum sveitarfélögum á Suðurlandi árið 2016, eða um 631 kg/íbúa.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands féllu samtals til 799.206 tonn af úrgangi á landinu öllu árið 2014,<sup>16</sup> en það samsvarar um 2.500 kg/íbúa. Í þessum samanburði er talan af Suðurlandi afar lág, en þess ber m.a. að gæta að inni í tölum Hagstofunnar er tæpt tonn á hvern íbúa af jarðvegi, sem að litlu eða engu leyti er talinn með í tölunum af Suðurlandi. Að teknu tilliti til þessa má slá því fram að fyrirbyggjandi tölur af Suðurlandi séu tæpur helmingur þess sem vænta mætti, miðað við að úrgangsmagn á hvern íbúa sé álfka mikið í öllum landshlutum. Þessi munur skýrist væntanlega að stórum hluta af því að í tölurnar frá Suðurlandi vantar allan úrgang frá fyrirtækjum sem hafa samið beint við gámafélög um hirðingu, flutning og ráðstöfun úrgangs.

Magn úrgangs til urðunar er lykilatriði í umræðunni um framtíð úrgangsmála á Suðurlandi. Tölurnar sem fram koma í viðauka 1 eru ekki endanlegar hvað þetta varðar en gefa þó allgóða vísbendingu. Samkvæmt þeim fóru um 58% af heildarmagninu í urðun eða um 7.158 tonn. Samkvæmt ársyfirliti frá Sorpu bærust þangað samtals 7.054 tonn af úrgangi frá Sorpstöð Suðurlands árið 2016. Afdrif úrgangsins eru ekki tilgreind í yfirlitinu en út frá skiptingu í úrgangsflokka má ætla að samtals hafi um 5.909 tonn farið í urðun. Tafla 1 sýnir magn þess úrgangs sem barst frá SOS til Sorpu á árinu 2016.

Úrgangsflokkar til Sorpu 2016	Samtals (kg)	Þar af til urðunar (kg) (Áætlað)
Véltækur úrg. - Matvæli í umbúðum í urðun	4.320	4.320
Dýrahrae - frá landb. í urðun/Gými	472.560	472.560
Dýrahrae - frá dýralæknum/einst. í Gými	103.720	103.720
Óbagganlegur úrg. -frá sorpmeðhöndlunarst. í urðun	6.720	6.720
Sláturúrg.-3.áh.fl.-frá landb./matvælaiðn. í Gými-í lausu	100.000	100.000
Net, troll og kaðlar í urðun	5.480	5.480
Almennur heimilisúrg./skyldur úrg. frá rekstrara.	4.639.600	4.639.600
Vörubrettir, kassar o.þ.h.	5.980	
Timbur -ekki ljósmálað/plasthúðað-söfn.sveitarf.	189.010	
Timbur -ljósm./plasth.-frá söfn.sveitarf.	463.160	
***Blanda af umbúðum úr mjúku og hörðu plasti***	570	
Umbúðir úr bylgjupappa	58.450	
Grófur úrg. frá framkvæmdum	3.890	3.890
Grófur úrg. - Bólstruð húsgögn,dýnur o.þ.h.	571.700	571.700
Blanda af pappír og umb. úr sléttum pappa og bylgjupappa	427.660	
Óflokkaður úrg.	1.480	1.480
<b>Samtals</b>	<b>7.054.300</b>	<b>5.909.470</b>

Tafla 2. Magn úrgangs frá SOS til meðhöndlunar í Sorpu 2016 skv. ársyfirliti Sorpu til SOS.

<sup>16</sup> Hagstofa Íslands (2016): *Magn úrgangs tæp 800 þúsund tonn árið 2014*. Frétt á heimasíðu 2. desember. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/umhverfi/magn-urgangs-a-islandi-2014/>.

Eins og sést á tölunum hér að framan munar rúmum 1.200 tonnum ( $7.158-5.909=1.249$  tonn) á bókhaldi Sorpu og þeim tölum sem fengist hafa frá gámafélögunum um úrgang sem fluttur var til urðunar. Ekki hafa fundist viðhlítandi skýringar á þessum mun. Þó er rétt að benda á að samkvæmt töflum í viðauka fóru um 30 tonn í urðun eftir öðrum leiðum, en þar er um að ræða raftæki og spilliefni sem Efnamóttakan flutti til urðunar og teljast ekki með í viðskiptum Sorpu og SOS. Sú tala eru þó léttvæg í heildarmyndinni.

Þegar samanburðartafla í viðauka 1 er skoðuð kemur í ljós verulegur munur á milli sveitarfélaga í úrgangsmagni á hvern íbúa. Lægst er talan í Árborg, 375 kg/íbúa, en þar er enn um grófa áætlun að ræða. Einnig er rétt að ítreka að töflurnar sýna aðeins þann úrgang sem kemur til kasta sveitarfélaganna, þ.e. úrgang frá heimilum og smærri fyrirtækjum. Ætla má að flest fyrirtækin í þéttbýlli sveitarfélögunum séu með beina samninga við gámafélög, þannig að úrgangur frá þeim komi ekki fram í þessum tölum. Í sveitum eru skilin milli heimilis- og rekstrarúrgangs oftast fremur óljós og þar virðast sveitarfélögin einnig þjónusta stærri hluta af öðru atvinnulífi hvað úrgangsmál varðar. Í Grímsnes- og Grafningshreppi fellur til langmest magn á hvern íbúa, eða rúm 3 tonn. Það skýrist að mestu af gríðarmiklum fjölda sumarhúsa sem úrgangur er hirtur frá.

Hér á eftir er gerð stutt grein fyrir fyrirkomulagi úrgangsmála í hverju sveitarfélagi um sig. Sveitarfélögin þrjú austan Þjórsár eru þó tekin saman enda hafa þau með sér náið samstarf um flesta þætti úrgangsmála undir merkjum Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.

#### 4.1 Sveitarfélagið Ölfus



Sveitarfélagið Ölfus varð til við sameiningu Ölfushrepps og Selvogshrepps 1. janúar 1989. Hið sameinaða sveitarfélag bar nafn Ölfushrepps fyrstu árin eftir sameiningu en fékk núverandi nafn í ársbyrjun 1999. Sveitarfélagið nær frá vestanverðu Ingólfsfjalli, niður Ölfus, vestur í Selvog og upp á Helligheiði. Stærsti þéttbýliskjarninn er Þorlákshöfn en þar búa um 1.500 manns. Sjávarútvegur er ein helsta atvinnugreinin í Þorlákshöfn en landbúnaður

og ferðaþjónusta eru áberandi í dreifbýlinu. Ýmiss önnur atvinnustarfsemi er einnig á svæðinu.

Sveitarfélagið Ölfus leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til tvær 240 lítra tunnur, aðra gráa fyrir óflokkaðan úrgang og hina bláa fyrir pappír og pappa (blátunnu). Gráu tunnurnar eru losaðar á tveggja vikna fresti allt árið og blátunnan á fjögurra vikna fresti. Gámaþjónustan annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við samning þar um.

Gámasvæði er starfrækt við Hafnarskeið. Þangað geta íbúar og rekstaraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er alla virka daga kl. 15-18 og laugardaga kl. 13-16. Þar er m.a. sérstakur gámur fyrir heyrúlluplast. Greitt er fyrir móttöku samkvæmt gjaldskrá. Íbúar í sveitarfélaginu Ölfusi hafa einnig aðgang að gámastöð í Hveragerði í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna tveggja þar um, sjá nánari umfjöllun í kaflanum um Hveragerðisbæ hér að neðan.

Hreinsitækni sér um að tæma rotþrær í sveitarfélaginu á 2ja ára fresti samkvæmt ákveðnu skipulagi. Áform eru uppi um að Sveitarfélagið Ölfus gerist aðili að samstarfi fleiri sveitarfélaga á Suðurlandi um vinnslu og nýtingu seyru til uppgræðslu, (sjá umfjöllun þar um í kafla um Hrunamannahrepp).

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 967 tonn af úrgangi í Sveitarfélaginu Ölfusi árið 2016 að frátöldum þeim úrgangi sem rekstraraðilar komu til meðhöndlunar án milligöngu sveitarfélagsins eða Sorpstöðvar Suðurlands. Þetta jafngildir 494 kg á íbúa, sem er með því minnsta sem þekkist á Suðurlandi. Einhver hluti úrgangsins skilar sér á gámastöð í Hveragerði samkvæmt samningi sveitarfélaganna tveggja þar um. Þessi hluti endurspeglast ekki í tölum frá Ölfusi en kemur til hækkunar í Hveragerði.


Langstærsti hlutinn af þeim úrgangi sem féll til í Ölfusi 2016 (206 kg/íbúa, eða um 42%) var blandaður úrgangur (heimilisúrgangur og sambærilegt). Þetta verður að teljast lág tala, sérstaklega þegar haft er í huga að lífrænum úrgangi er ekki safnað sérstaklega. Samkvæmt tiltækum gögnum fóru samtals 248 kg/íbúa til urðunar (um 50% af heildarmagni).

Sveitarfélagið Ölfus hefur gefið út veglegan bækling í samvinnu við Gámaþjónustuna með upplýsingum um helstu atriði sem varða úrgangsmál í sveitarfélaginu.<sup>17</sup>

---

<sup>17</sup> Sveitarfélagið Ölfus (2014): *Flokkun til framtíðar í Sveitarfélaginu Ölfusi*.  
[https://issuu.com/gamar.is/docs/baeklingura5\\_olfus\\_3ec6cbd37de655](https://issuu.com/gamar.is/docs/baeklingura5_olfus_3ec6cbd37de655).

## 4.2 Hveragerðisbær



Hveragerðisbær, áður Hveragerðishreppur, var stofnaður út úr Ölfushreppi árið 1946 og fékk kaupstaðarréttindi árið 1987. Sveitarfélagið er landlítið, enda ná mörk þess lítið út fyrir þéttbýlið í Hveragerði. Þetta þéttbýli myndaðist í tengslum við stofnun Mjólkurbús Ölfusinga sem hóf starfsemi 1930. Síðan þá hefur mjólkurvinnsla og síðar ísgerð verið áberandi í atvinnulífinu. Einnig er stunduð þar

mikil garðrækt, innan dyra sem utan, enda nýtur sveitarfélagið góðs af jarðhita sem er að finna þar allt um kring. Á síðustu árum hefur ferðaþjónusta orðið mikilvægur hluti af atvinnulífi bæjarins, enda liggur þjóðvegur 1 við bæjardyrnar. Þar hefur einnig byggst upp heilsutengd starfsemi og dvalarheimili þar sem nú búa um 5% íbúa sveitarfélagsins. Á allra síðustu árum hefur færst í vöxt að fólk setjist að í Hveragerði og stundi vinnu á Reykjavíkursvæðinu. Þessari þróun hefur fylgt mikil íbúavelta.

Í Hveragerði er þriggja flokka kerfi í sorphirðu. Sveitarfélagið leggur hverju heimili til þrjár tunnur, eina gráa (240 l) fyrir óflokkaðan úrgang, aðra græna (240 l) fyrir allan endurvinnanlegan heimilisúrgang (pappír, pappa, plastumbúðir og málma, auk rafhlaðna í sérmerktum pokum) og eina brúna (120 l) fyrir lífrænan heimilisúrgang. Stærðir íláta eru sveigjanlegar eftir þörfum viðkomandi úrgangshafa. Einnig sér sveitarfélagið heimilum fyrir ílátum til söfnunar á lífrænum úrgangi sem til fellur í eldhúsum. Allar tunnur eru losaðar á fjögurra vikna fresti en brúna tunnan er þó losuð hálfsmánaðarlega yfir sumartímann (frá því í byrjun júní fram í miðjan september). Vegna mikils magns úrgangs til flokkunar er stefnt að því að fjölga losunum þannig að græna tunnan verið tæmd á þriggja vikna fresti.

Gámaþjónustan annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í Hveragerðisbæ í samræmi við samning sem nýlega var endurnýjaður. Lífrænn heimilisúrgangur frá Hveragerði er fluttur í jarðgerðarstöð Gámaþjónustunnar við Hafnarfjörð. Samkvæmt samningi aðila er Hveragerðisbær eigandi moltunnar sem framleidd er úr þessum úrgangi. Sem stendur er Hveragerði eina þéttbýlið á Suðurlandi þar sem lífrænum úrgangi er safnað sérstaklega. Garðaúrgangur fer ekki í þennan farveg, heldur er honum ekið á jarðvegstipp.

Gámasvæði er starfrækt við Bláskóga 14. Þangað geta íbúar og rekstaraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er alla virka daga kl. 16-18 og laugardaga kl. 14-18. Í upphafi hvers árs fá öll heimili í sveitarfélaginu afhentan tiltekinn fjöldi gámasvæðismiða og gildir hver miði sem greiðsla fyrir móttöku tiltekins magns óflokkaðs úrgangs. Íbúar Sveitarfélagsins Ölfuss fá sambærilega þjónustu á gámasvæðinu í samræmi við samkomulag sveitarfélaganna tveggja þar um, en útlit miðanna er þá annað. Fjöldi miða

sem skilar sér yfir árið gefur vísbendingu um magn úrgangs sem berst með þessum hætti úr hvoru sveitarfélagi um sig. Að öðru leyti er greitt fyrir móttöku samkvæmt gjaldskrá.

Fráveituvatn frá byggðinni í Hveragerði er meðhöndlað í hreinsistöð áður en því er veitt í Varmá. Nær allar fasteignir sveitarfélagsins eru tengdar við þetta kerfi, en stakar rotþrær eru örfáar. Vatn er skilið úr seyru úr hreinsistöðinni með skilvindu og fasta efnið sett í þar til gerða gryfju með sagi og spónum. Þar liggur efnið í þrjú ár en er síðan nýtt til uppgræðslu.

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 1.566 tonn af úrgangi í Hveragerðisbæ árið 2016 að frátöldum þeim úrgangi sem rekstraraðilar komu til meðhöndlunar án milligöngu sveitarfélagsins eða Sorpstöðvar Suðurlands. Þetta jafngildir 636 kg á íbúa, sem er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Suðurlandi. Inni í þessum tölum er eitthvert magn úrgangs frá Sveitarfélaginu Ölfusi sem skilar sér á gámastöð í Hveragerði samkvæmt samningi sveitarfélaganna tveggja þar um.

Blandaður úrgangur (heimilisúrgangur og sambærilegt) var um 22% þess úrgangs sem féll til í Hveragerði 2016 (143 kg/íbúa). Þetta er mun minna en í öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi. Í þessu sambandi munar miklu að á árinu var safnað um 125 tonnum (51 kg/íbúa) af lífrænum úrgangi til jarðgerðar, en Hveragerði er sem fyrr segir eina þéttbýlið á Suðurlandi þar sem slík söfnun fer fram.

Samkvæmt tiltækum gögnum fóru samtals 184 kg til urðunar frá hverjum íbúa Hveragerðisbæjar (um 29% af heildarmagni). Það er langlægsta urðunarhlutfall á Suðurlandi.

Hveragerðisbær hefur gefið út veglegan bækling í samvinnu við Gámaþjónustuna með upplýsingum um helstu atriði sem varða úrgangsmál í sveitarfélaginu.<sup>18</sup> Vegna mikillar íbúaveltu má ætla að mikil þörf fyrir tíða miðlun fræðslu um úrgangsmál til íbúanna.

---

<sup>18</sup> Hveragerðisbær (2014): *Flokkun til framtíðar í Hveragerði*.  
<https://issuu.com/gamar.is/docs/hveragerdi>.

### 4.3 Sveitarfélagið Árborg



Sveitarfélagið Árborg varð til 7. júní 1998 með sameiningu Selfoskaupstaðar, Stokkseyrarhrepps, Eyrarbakkahrepps og Sandvíkurhrepps. Tæp 85% íbúa (um 7.000) býr í þéttbýlinu á Selfossi, um 500 á Eyrarbakka og svipaður fjöldi á Stokkseyri. Atvinnulíf í Árborg er fjölbreytt. Mjólkurbú Flóamanna hóf starfsemi á Selfossi árið 1929 og í Árborg er einnig að

finna sláturhús, stór verslunar- og þjónustufyrirtæki, menntastofnanir, stjórnsýslustofnanir o.m.fl. Mikilvægi verslunar og þjónusta hefur aukist á síðustu árum eins og í flestum öðrum sveitarfélögum á Suðurlandi samfara auknum straumi ferðamanna.

Sveitarfélagið Árborg leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til tvær tunnur, aðra gráa (120 eða 240 l eftir óskum íbúa) fyrir óflokkaðan úrgang og hina bláa (240 l) fyrir pappír og pappa (blátunnu). Gráu tunnurnar eru losaðar á tveggja vikna fresti allt árið og blátunnan á fjögurra vikna fresti. Íslenska gámafélagið annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við samning þar um sem gildir til 30. júní 2017.

Gámasvæði er starfrækt að Víkurheiði 4. Þangað geta íbúar og rekstaraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er alla virka daga og laugardaga kl. 13-17 (vetraropnun). Greitt er fyrir móttöku samkvæmt gjaldskrá en þó geta íbúar skilað allt að 0,5 rúmmetrum af heimilisúrgangi á dag gjaldfrjálst. Engir grenndargámar eru starfræktir á vegum sveitarfélagsins.

Íslenska gámafélagið rekur eigin söfnunar- og móttökustöð fyrir úrgang á Selfossi og þar er úrgangi umstaflað til flutnings til Sorpu á stærri gámabílum.

Björgunarfélag Árborgar rekur nokkra flösku- og dósagáma til fjáröflunar og Rauði kross Íslands er með söfnunarstaði fyrir fatnað við Byko og á gámasvæðinu. Þá hefur Hvítasunnukirkjan á Selfossi starfrækt nytjamarkað á Selfossi síðustu ár og er hagnaðinu varið til góðgerðarmála.


Eigendur rotþróa hafa frumkvæði að tæmingu þeirra og geta þá annað hvort óskað eftir því að sveitarfélagið sjái um verkið skv. gjaldskrá, eða snúið sér beint til þjónustuaðila. Í þeim tilvikum sem sveitarfélagið hefur látið tæma rotþrær hefur seyran farið til urðunar að Strönd.

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 3.073 tonn af úrgangi í Sveitarfélaginu Árborg árið 2016 að frátöldum þeim úrgangi sem rekstraraðilar komu til meðhöndlunar



án milligöngu sveitarfélagsins eða Sorpstöðvar Suðurlands. Þetta jafngildir 375 kg á íbúa, sem er lægsta talan í þessum samanburði sveitarfélaga á Suðurlandi. Þetta skýrist væntanlega af því að í þéttbýlinu er mun minna af rekstrarúrgangi inni í heildartölunum. Þar eru skilin milli heimilishalds og rekstrar skýrari en í sveitum og meira um að rekstraraðilar semji beint við verktaka um úrgangsjónustu. Samkvæmt tiltækum gögnum fóru samtals 244 kg/íbúa til urðunar (um 65% af heildarmagni).

#### 4.4 Flóahreppur



Flóahreppur varð til 11. febrúar 2006 við sameiningu Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðishrepps og Villingaholtshrepps. Hreppurinn afmarkast af Árborg í vestri, Hvítá í norðri, Þjórsá í austri og á land að sjó í suðri. Mikið undirlendi er í sveitarfélaginu sem hentar því nokkuð vel til landbúnaðar og ræktunar. Víða er þó grunnt á hraun og því liggur mikil vinna í grjóthreinsun túna og akra. Í Flóahreppi er starfrækt ullarvinnsla, brugghús, verkstæði, smiðjur, söfn og

nokkur önnur fyrirtæki í ólíkum atvinnugreinum.

Flóahreppur leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til þrjár tonnur fyrir úrgang, þ.e. eina gráa fyrir óflokkaðan úrgang, aðra græna fyrir allan endurvinnanlegan heimilisúrgang (pappír, pappa, plastumbúðir og málma, auk rafhlaðna í sérmerktum pokum) og eina brúna fyrir lífrænan heimilisúrgang. Hægt er að velja um þrenns konar ílát fyrir almennan heimilisúrgang, 240 l, 660 l og 1.100 l, og fer gjald eftir stærð íláta. Gráu og brúnu tonnurnar eru losaðar á fjögurra vikna fresti allt árið, nema hvað brúna tunnan er losuð hálfsmánaðarlega yfir sumartímann (frá því í byrjun júní fram í miðjan ágúst). Græna tunnan er losuð á u.þ.b. tveggja mánaða fresti. Ætlast er til að íbúar meðhöndli garðaúrgang á upprunastað og jarðgeri hann eða nýti til landgræðslu.

Íslenska gámafélagið (ÍGF) annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við samning þar um. Samningurinn framlengist um eitt ár í senn sé honum ekki sagt upp með sex mánaða fyrirvara. Reyndar er um tvo samninga að ræða; annan um sorphirðu og hinn um flutning.

Lífrænn heimilisúrgangur frá Flóahreppi er jarðgerður í aðstöðu ÍGF við Selfoss. Þar hafa íbúar Flóahrepps einnig aðgang að gámastöð ÍGF samkvæmt samningi sveitarfélagsins við fyrirtækið. Á stöðinni eru gámar fyrir almennan heimilisúrgang og endurvinnanlegan úrgang, þ.m.t. timbur, járn og spilliefni. Einn gámur fyrir dýrahæ er þó staðsettur í sveitarfélaginu.

Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélagsins á u.þ.b. tveggja mánaða fresti allt árið. Þá býður sveitarfélagið íbúum sínum endurgjaldslaus afnot af járna- og timburgámum til sérstakra átaksverkefna í hreinsunarviku á vorin.

Flóahreppur er aðili að samstarfi uppsveita Árnessýslu um losun og nýtingu seyru, (sjá umfjöllun þar um í kafla um Hrunamannahrepp).

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 398 tonn af úrgangi í Flóahreppi árið 2016, sem jafngildir 643 kg á íbúa. Það er nálægt meðaltali sveitarfélaganna á Suðurlandi, en minna en í öðrum dreifbýlissveitarfélögum á svæðinu. Inn í þessar tölur vantar upplýsingar um magn spilliefna og raftækja, en þessum úrgangsflokkum geta íbúar Flóahrepps skilað endurgjaldslaus á gámastöð ÍGF við Selfoss. Svipað gildir um fleiri úrgangsflokka sem eru þá væntanlega einnig vantaldir í fyrirliggjandi tölum. Samtals fóru um 364 kg/íbúa til urðunar, eða um 57% af heildarmagni þess úrgangs sem upplýsingar liggja fyrir um.

#### 4.5 Grímsnes- og Grafningshreppur



Grímsnes- og Grafningshreppur varð til við sameiningu Grímsneshrepps og Grafningshrepps 1. júní 1998. Sveitarfélagið liggur að Bláskógabyggð í norðri og Sveitarfélaginu Ölfusi í suðri, auk þess að eiga afrétt við sunnanverðan Langjökul. Tveir þéttbýliskjarnar eru í sveitarfélaginu, þ.e. Sólheimar og Borg, með um 100 íbúa á hvorum stað. Mikill fjöldi sumarhúsa er á svæðinu og hefur það mikil áhrif á stöðu úrgangsmála.

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til þrjár 240 lítra tunnur, þ.e. eina gráa fyrir óflokkaðan úrgang, aðra bláa fyrir pappír og pappa (blátunnu) og þá þriðju græna fyrir plastumbúðir. Hægt er þó að fá stærri tunnur (660 l eða 1.100 l) ef þörf er á. Gráu tunnurnar eru losaðar á þriggja vikna fresti allt árið og hinar í annarri hvorri ferð, þ.e. á sex vikna fresti samkvæmt sorphirðudagatali sem er sameiginlegt með Bláskógabyggð. Gámaþjónustan annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í báðum sveitarfélögum í samræmi við samning þar um sem gildir til haustsins 2020.

Húsráðendum frístundahúsa er ekki skylt að hafa ílát skv. framanskráðu við hvert hús en geta samið við þjónustuaðila (Gámaþjónustuna) þar um, annað hvort fyrir einstök hús eða fleiri hús sameiginlega. Í sumum tilvikum hafa menn sammælt um gáma sem eru þá staðsettir inni í hverfunum. Það fyrirkomulag hefur að sögn gefist vel, en húsráðendur kalla í auknum mæli eftir aðstöðu til frekari flokkunar.

Pappírsgámar eru á tveimur stöðum í sveitarfélaginu en að öðru leyti hafa gámar utan girðinga verið fjarlægðir í framhaldi af miður góðri reynslu af umgengni fólks við þá. Einhverjir gámar eru þó enn á Sólheimum og e.t.v. víðar.

Gámastöð er starfrækt í Seyðishólum. Þangað geta íbúar og rekstaraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er 2-3 klst. á dag 3-5 daga vikunnar eftir árstímum. Á stöðinni eru gámar fyrir alla helstu úrgangsflokka. Einnig er hægt að losa heimilisúrgang á stöðinni allan sólarhringinn. Uppgreftri úr húsgrunnum og garðaúrgangi frá sumarhúsaeigendum er er komið fyrir á tipp í Seyðishólum.

Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélagsins á u.þ.b. tveggja mánaða fresti allt árið. Stórsekkir eru teknir í sömu ferðum en reynt er þó að beina söfnun þeirra á fyrstu söfnun síðsumars.

Grímsnes- og Grafningshreppur er aðili að samstarfi uppsveita Árnassýslu um losun og nýtingu seyru, (sjá umfjöllun þar um í kafla um Hrunamannahrepp).

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 1.397 tonn af úrgangi í Grímsnes- og Grafningshreppi árið 2016, eða um 3 tonn á íbúa. Þetta er langtum meira en í öðrum sveitarfélögum á svæðinu og næstum þrefalt á við þau sveitarfélög sem næst koma. Þetta mikla úrgangsmagn skýrist fyrst og fremst af gríðarlegum fjölda frístundahúsa í sveitarfélaginu, sem væntanlega nýta sér flest þjónustu sveitarfélagsins í úrgangsmálum. Í samræmi við þetta er brúttókostnaður sveitarfélagsins vegna úrgangsmála hlutfallslega sá langhæsti á Suðurlandi, en tekjur málaflokksins gera það að verkum að nettóútgjöld eru ekki hærri en gengur og gerist í dreifbýlissveitarfélögum á svæðinu (Tafla 8).

Af einstökum úrgangsflokkum sem vega þyngra í heildarmyndinni í Grímsnes- og Grafningshreppi en í öðrum sveitarfélögum á svæðinu má nefna timbur (samtals 602 kg á íbúa (litað og ólitað)), grófan úrgang (305 kg/íbúa) og garðaúrgang (273 kg/íbúa).

Samkvæmt tiltækum gögnum fóru samtals 1.748 kg/íbúa til urðunar 2016 (um 58% af heildarmagni). Þetta er svipað hlutfall og í öðrum sveitarfélögum.

Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð hafa gefið út veglegan bækling í samvinnu við Gámaþjónustuna með upplýsingum um helstu atriði sem varða úrgangsmál í sveitarfélögunum.<sup>19</sup>

#### 4.6 Bláskógabyggð



Bláskógabyggð varð til 11. febrúar 2002 við sameiningu Þingvallahrepps, Laugardalshrepps og Biskupstungnahrepps. Sveitarfélagið nær norður að Hofsjökli og afmarkast af Hvítá í austri. Reykholt í Biskupstungum er stærsti þéttbýliskjarni sveitarfélagsins með um 250 íbúa. Þá búa rúmlega 150 manns á Laugarvatni og um 100 í Laugarási. Mikil ferðaþjónusta er í sveitarfélaginu, en þar er m.a. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, auk fjölsótttra staða á

borð við Geysi og Gullfoss. Mikill fjöldi sumarhúsa er á svæðinu.

Bláskógabyggð leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til þrjár 240 lítra tunnur, þ.e. eina gráa fyrir óflokkaðan úrgang, aðra bláa fyrir pappír og pappa (blátunnu) og þá þriðju græna fyrir plastumbúðir. Hægt er þó að fá stærri tunnur (660 l eða 1.100 l) ef þörf er á. Gráu tunnurnar eru losaðar á þriggja vikna fresti allt árið og hinar í annarri hvorri ferð, þ.e. á sex vikna fresti samkvæmt sorphirðudagatali sem er sameiginlegt með Grímsnes- og Grafningshreppi. Gámaþjónustan annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í báðum sveitarfélögunum í samræmi við samning þar um sem gildir til haustsins 2020.

Húsráðendum frístundahúsa er ekki skylt að hafa ílát skv. framanskráðu við hvert hús en geta samið við þjónustuaðila (Gámaþjónustuna) þar um, annað hvort fyrir einstök hús eða fleiri hús sameiginlega.

Þrjár gámastöðvar eru starfræktar í sveitarfélaginu, þ.e. við Heiðarbæ í Þingvallasveit, í Lindarskógum á Laugarvatni og við Vegholt í Reykholti. Þangað geta íbúar og rekstaraðilar komið með úrgang á opnunartíma sem er 2-3 klst. á dag 2-5 daga vikunnar eftir árstímum. Á stöðvunum eru gámar fyrir alla helstu úrgangsflokka. Einnig er hægt er að losa heimilisúrgang á stöðvunum allan sólarhringinn.

<sup>19</sup> Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur (2015): *Úrgangsmál og endurvinnsla í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi*. <http://www.blaskogabyggd.is/wp-content/uploads/2015/05/%C3%9Argangsm%C3%A1l-og-endurvinnsla.pdf>.


Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélagsins á u.þ.b. tveggja mánaða fresti allt árið. Stórsekkir eru teknir í sömu ferðum en reynt er þó að beina söfnun þeirra á fyrstu söfnun síðsumars.

Bláskógabyggð er aðili að samstarfi uppsveita Árnessýslu um losun og nýtingu seyru, (sjá umfjöllun þar um í kafla um Hrunamannahrepp).

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 1.158 tonn af úrgangi í Bláskógabyggð árið 2016, eða 1.183 kg. á íbúa. Þetta er um tvöfalt meira magn en sem nemur meðaltali sveitarfélaganna á starfssvæði SOS, en það skýrist fyrst og fremst af miklum fjölda frístundahúsa sem nýta sér þjónustu sveitarfélagsins í úrgangsmálum. Í fljótu bragði virðast hlutföll einstakra úrgangsflokka ekki mjög frábrugðin því sem gengur og gerist. Samtals fóru 709 kg/íbúa til urðunar (um 60% af heildarmagni). Þetta er svipað hlutfall og í öðrum sveitarfélögum.

Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur hafa gefið út veglegan bækling í samvinnu við Gámaþjónustuna með upplýsingum um helstu atriði sem varða úrgangsmál í sveitarfélögunum.<sup>20</sup> Á heimasíðu Bláskógabyggðar er að finna margs konar upplýsingar um fyrirkomulag málaflokksins og þar eru m.a. settar inn fréttir ef truflanir verða á sorphirðu vegna veðurs eða annarra aðstæðna.

#### 4.7 Hrunamannahreppur



Hrunamannahreppur afmarkast af Hvítá í vestri, Stóru-Laxá í austri og nær að Hofsjökli í norðri. Flúðir er helsti þéttbýliskjarni svæðisins, en þar býr rúmur helmingur íbúa sveitarfélagsins. Mikill jarðhiti er í sveitarfélaginu og er ylrækt því mikilvægur hluti af atvinnulífinu, auk hefðbundins landbúnaðar, ferðaþjónustu o.m.fl.

Hrunamannahreppur leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til tvær 240 lítra tunnur, þ.e. eina gráa fyrir óflokkaðan úrgang og aðra bláa fyrir pappír og pappa (blátunnu). Hægt er þó að fá stærri eða fleiri ílát ef þörf er á. Gráu tunnurnar eru almennt losaðar á þriggja vikna fresti, en þó á tveggja vikna fresti frá miðjum maí til ágústloka. Blátunnan er alla jafna losuð á sex vikna fresti.

<sup>20</sup> Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur (2015): *Úrgangsmál og endurvinnsla í Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi*. <http://www.blaskogabyggd.is/wp-content/uploads/2015/05/%C3%9Argangsm%C3%A1l-og-endurvinnsla.pdf>.

Sveitarfélagið veitir rekstraraðilum að öðru jöfnu sambærilega þjónustu og heimilum hvað þetta varðar og greiða þeir þá aukasorpjald skv. gjaldskrá, þar sem tilgreindir eru níu gjaldflokkar eftir magni úrgangs.

Íslenska gámafélagið annast sorphirðu í Hrunamannahreppi í samræmi við samning þar um sem gildir til ársloka 2019. Samningurinn tekur til hirðu og flutnings á öllum óflokkuðum úrgangi og blátunnuúrgangi.

Húsráðendum atvinnuhúsnæðis, lögbýla og frístundahúsa er ekki skylt að hafa ílát skv. framanskráðu við hvert hús en geta samið við þjónustuaðila (ÍGF) um hirðingu úrgangs, annað hvort fyrir einstök hús eða fleiri hús sameiginlega. Sé slíkt samkomulag ekki til staðar er ætlast til að úrgangi sé skilað á gámastöð eða grenndarstöð.

Hrunamannahreppur rekur gámastöð á Flúðum þar sem íbúar og rekstraraðilar geta losað sig við úrgang á öllum tímum sólarhringsins. Aðgangur að stöðinni er innifalinn í sorpgjaldi íbúa og aukasorpjaldi sem rekstraraðilar greiða. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel í öllum aðalatriðum. Gámastöðin er mönnuð á daginn og er áformað að stytta opnunartíma til samræmis við það. Í ákveðnum tilvikum verður þó áfram hægt að koma úrgangi til skila á stöðinni á öðrum tímum. Á stöðinni eru gámar fyrir alla helstu úrgangsflokka. Þar eru m.a. tveir gámar fyrir textílvörur, svo og nytjahlutagámur þar sem íbúar geta bæði sótt hluti og skilað. Það sem safnast fyrir þar er flutt reglulega yfir í gám fyrir grófan úrgang. Tómas Þórir Jónsson sér um rekstur stöðvarinnar samkvæmt samkomulagi við sveitarfélagið og sér um flutning flokkaðs úrgangs þaðan.

Fura ehf. leggur til gáma fyrir brotamálma á gámasvæðinu og sér um tæmingu þeirra.

Nokkrar grenndarstöðvar eru í sveitarfélaginu, nánar tiltekið á Flúðum, í Seli, við Langholtsfjall og við brúna yfir Stóru-Laxá, auk stöðva við sumarhúsaferfin Ásabyggð og Heiðabyggð.

Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélagsins átta sinnum á ári.

Hægt er að skila skilagjaldsskyldum umbúðum á grenndarstöðvar. Björgunarfélagið Eyvindur fær þessar umbúðir til ráðstöfunar og fær tekjur af skilagjaldinu.

Í uppsveitum Árnessýslu eru hús annað hvort tengd við rotþró eða við fráveitukerfi sem aftur tengjast hreinsistöð sem safnar seyrinni. Fimm sveitarfélög í uppsveitum Árnessýslu hafa sameinast um að vinna úr seyrinni og nýta hana til uppgræðslu á afgirtum afrétti í samvinnu við Landgræðslu ríkisins. Rotþrær í sveitarfélögunum fimm eru alla jafna losaðar á þriggja ára fresti og er seyran forunninn í sérstakri aðstöðu sem komið hefur verið upp við Flúðir. Þar er seyran kölkuð í þar til gerðum blandara þannig

að pH-gildi hennar verði 11 eða hærra. Hámarksafköst í þessari vinnslu eru um 10 tonn/klst, sem þýðir að hægt væri að taka við umtalsvert meira magni en gert er í dag. Reynt er að komast hjá því að geyma seyru á staðnum, heldur er hún sett beint á vagn eftir meðhöndlun og flutt á afréttinn, samtals um 400-500 tonn á ári.

Samkvæmt tiltækum gögnum féll samtals til um 761 tonn af úrgangi í Hrunamannahreppi árið 2016, eða 944 kg á íbúa. Þetta er með því mesta sem gerist á Suðurlandi, en líklega veita fá eða engin önnur sveitarfélög á svæðinu atvinnulífina eins víðtæka þjónustu á úrgangssviðinu. Því má ætla að tölurnar úr Hrunamannahreppi feli í sér verulegan hluta alls úrgangs sem til fellur í sveitarfélaginu. Samtals fóru um 660 kg/íbúa til urðunar (um 70% af heildarmagni). Þetta hlutfall er með því hæsta sem gerist á svæðinu, en við samanburð milli sveitarfélaga ber að hafa í huga að misstór hluti þess úrgangs sem til fellur er innifalinn í þeim tölum sem birtast í þessari skýrslu.

Hrunamannahreppur hefur gefið út veglegan bækling um helstu atriði sem varða úrgangsmál í sveitarfélaginu.<sup>21</sup>

#### 4.8 Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Skeiða- og Gnúpverjahreppur varð til við sameiningu Skeiðahrepps og Gnúpverjahrepps 21. janúar 2002. Hreppurinn liggur austast í Árnessýslu með Hofsjökul í norðri, Þjórsá í austri, Flóahrepp í suðri og Stóru-Laxá í vestri. Nokkurt þéttbýli hefur myndast í Brautarholti á Skeiðum og í Árnesi en þar búa samtals rúmlega 100 manns. Að öðru leyti flokkast allt svæðið sem strjálbýli. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í sveitarfélaginu, enda eru þar margir fjölsóttir ferðamannastaðir. Annars er

landbúnaðar helsta atvinnugreinin og auk hefðbundins landbúnaðar eru þar m.a. þrjú svínabú og eitt loðdýrabú. Þá má nefna að fyrirtækið Landstólpi er með allmikla starfsemi í Gunnbjarnarholti. Allstór hluti sveitarfélagsins liggur ofan við hálendismörk.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur leggur hverju heimili í sveitarfélaginu til tvær 240 lítra tunnur, þ.e. eina gráa fyrir óflokkaðan úrgang og aðra græna fyrir úrgang til endurvinnslu, þ.e. plast, pappír og málma. Hægt er að fá stærra ílát fyrir óflokkaða úrganginn. Í samþykkt sveitarfélagsins um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs (nr.

<sup>21</sup> Hrunamannahreppur (2013): *Flokkum til framtíðar*.  
[https://issuu.com/hrunamannahr/docs/b\\_klingur\\_19\\_08\\_2013\\_4](https://issuu.com/hrunamannahr/docs/b_klingur_19_08_2013_4).

498/2010) er einnig gert ráð fyrir brúnni tunnunar fyrir lífrænan úrgang, en það fyrirkomulag var aflagt frá og með árinu 2013. Gráu tunnurnar eru losaðar á þriggja vikna fresti og grænu tunnurnar á sex vikna fresti. Íslenska gámafélagið annast sorphirðu og aðra helstu þætti í meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu í samræmi við samning sem undirritaður var í nóvember 2016 og gildir til ársloka 2020.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur rekur gámasvæði í Árnesi og í Brautarholti þar sem íbúar og rekstraraðilar geta afhent úrgang á opnunartíma. Svæðin eru opin tvisvar í viku, þ.e. í 2 klst. á virkum degi (þriðjudegi eða miðvikudegi) og í 2 klst. á laugardögum. Dýragámar og gámar fyrir óflokkaðan úrgang eru þó opnir allan sólarhringinn á báðum stöðum.

Heimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi greiða árlega 15.319 kr. í sorpeyðingargjald (skv. gjaldskrá 2017), sumarhús greiða 11.459 kr. og rekstraraðilar 41.878 kr. Móttaka úrgangs á gámasvæði er innifalinn í þessum gjöldum. Nær allir rekstraraðilar í sveitarfélaginu nýta sér þessa þjónustu að Landsvirkjun frátalinni sem semur beint við verktaka um úrgangsjónustu vegna virkjunarmannvirkja í efsta hluta sveitarfélagsins.

Garðaúrgangi, afklippum trjáa og lífrænum heimilisúrgangi er safnað í þéttbýliskjörnunum í Brautarholti og Árnesi og komið til bænda í Skaftholti sem nýta efnið í jarðgerð. Þetta magn fyllir að jafnaði tvö 600 lítra kör í hverjum mánuði, (líklega um 1 tonn/mán.). Lífrænum úrgangi er ekki safnað að öðu leyti. Þó mun nokkuð um að slíkur úrgangur sé jarðsettur heima við í þar til gerðum 45 cm víðum og 2 m löngum hólkum sem komið er fyrir í jörðinni í holum eftir staurabor. Hver hola dugur fjögurra manna fjölskyldu að jafnaði í 1,5 ár. Þegar hola er full er hólkurinn tekinn upp og settur í nýja holu en úrgangurinn skilinn eftir til að samlagast jarðveginum með tíð og tíma. Þetta fyrirkomulag var tekið upp árið 2013 með vitund Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarfélagið leggur til borun og hólka. Árlegur kostnaður við þetta er um 1,1 milljón króna en kostnaðurinn var um 2,3 milljónir króna á ári á meðan lífrænum úrgangi var safnað og sendur í jarðgerð á höfuðborgarsvæðinu (fram til ársins 2013).

Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélagsins sex sinnum á ári. Þá er hægt að fá gáma heim á bæi í tengslum við hreinsunaráttök eða meiri háttar framkvæmdir.


Hægt er að skila aflögðum textílvörum í fatagáma Rauða krossins á gámasvæðinu í Brautarholti og við áhaldahúsið í Árnesi. Þar eru líka gámar fyrir skilgjaldsskyldar umbúðir, auk þess sem björgunarsveitin á svæðinu hefur komið upp tveimur dósagámum á fjölförnum stöðum.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur er aðili að samstarfi uppsveita Árnessýslu um losun og nýtingu seyru, (sjá umfjöllun þar um í kafla um Hrunamannahrepp).



Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 518 tonn af úrgangi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi árið 2016, eða 993 kg/íbúa. Þetta er með því mesta sem gerist á Suðurlandi. Hvergi á svæðinu fellur til meira af dýrahraejum (193 kg/íbúa) og bílhraejum (181 kg/íbúa). Inni í síðarnefndu tölunni eru væntanlega verulegt magn af málmum, öðrum en bílhraejum. Samtals fóru um 644 kg/íbúa til urðunar (um 65% af heildarmagni). Þær tölur skera sig ekki úr í samanburði á milli sveitarfélaga.

#### 4.9 Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.



Sorpstöð Rangárvallasýslu bs. er byggðasamlag sem nær yfir Rangárvallasýslu að Eyjafjöllum undanskildum, þ.e. yfir svæðið frá Þjórsá í vestri að Markarfljóti í austri. Sorpstöðin er samstarfsverkefni sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra og Rangárþings eystra og hefur verið starfrækt frá árinu 1993. Sorpstöðin annast nú nær alla meðhöndlun og förgun úrgangs í umboði sveitarfélaganna þriggja sem aðild eiga að stöðinni.

Ásahreppur hefur verið til í núverandi mynd frá því í ársbyrjun 1938 þegar Ásahreppi hið neðra var skipt upp í tvo hreppa. Þjórsá rennur við hreppamörkin í vestri. Ásahreppur nær yfir stórt svæði á Holtamannaafreitti og liggur því að miklu leyti ofan hálendismarka. Atvinnulíf Ásahrepps einkennist aðallega af landbúnaði en hlutur verslunar og annarra þjónustugreina hefur aukist undanfarin ár. Þá eru í Ásahreppi nokkrar af stærstu virkjunum landsins og stór hluti af umferð um hálendið fer um sveitarfélagið.

Rangárþing ytra varð til við sameiningu Holta- og Landsveitar, Djúpárhrepps og Rangárvallahrepps 16. mars 2002. Sveitarfélagið afmarkast af Þjórsá í vestri, Ásahreppi í norðri, Skaftárhreppi í austri og Rangárþingi eystra í suðri. Rúmlega helmingur íbúa sveitarfélagsins býr á Hellu (rúmlega 800 manns), en þéttbýliskjarnar eru einnig á Rauðalæk og í Þykkvabæ með rúmlega 50 íbúa á hvorum stað. Eldfjallið Hekla er eitt þekktasta kennileiti sveitarfélagsins og landbúnaður og ferðaþjónusta eru mikilvægustu atvinnugreinarnar.

Rangárþing eystra varð til 20. nóvember 2001 við sameiningu Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppa, Austur- og Vestur-Landeyjahreppa, Fljótshlíðarhrepps og Hvolhrepps. Sveitarfélagið afmarkast af Eystri-Rangá í vestri og Jökulsá á Sólheimasandi í austri. Rúmlega helmingur íbúa sveitarfélagsins býr á Hvolsvelli (um 950 manns). Innan marka sveitarfélagsins eru þekktar náttúruperlur á borð við Þórsmörk, Skógarfoss, Seljalandsfoss, Eyjafjallajökul og Tindfjöll. Rangárþing eystra er landbúnaðarhérað en jafnframt er ferðaþjónusta mjög vaxandi atvinnugrein.

Sorpstöð Rangárvallasýslu rekur móttöku- og flokkunarstöð fyrir úrgang úr sveitarfélögunum þremur að Strönd á Rangárvöllum, um það bil miðja veginni milli Hellu og Hvolsvallar, og er stöðin rekin samkvæmt starfsleyfi frá Umhverfisstofnun, dags. 16. mars 2016 með gildistíma til 16. mars 2032.<sup>22</sup> Samkvæmt starfsleyfinu er stöðinni heimilt að taka á móti allt að 6.350 tonnum af úrgangi á ári, þar af 5.200 tonnum til meðhöndlunar á Strönd. Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti skv. starfsleyfinu:

1. Heimilt er að urða allt að 2.500 tonnum af óvirkum úrgangi á ári og er þar átt við úrgang sem hefur verið meðhöndlaður og telst tækur á urðunarstaði fyrir óvirkan úrgang, sbr. tl. 2.1 í II. viðauka við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Óheimilt er að urða á staðnum fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki, almennan úrgang eða spilliefni.
2. Heimilt er að jarðgera 2.200 tonn á ári. Verði heimild til urðunar lífræns úrgangs nýtt að fullu þá má aðeins jarðgera 1.400 tonn.
3. Heimilt er að urða 800 tonn af lífrænum úrgangi á ári. Verði heimild til jarðgerðar nýtt að fullu, fellur niður heimild til urðunar lífræns úrgangs.
4. Heimilt er að taka á móti 500 tonnum af rúlluplasti á ári og geyma til langtíma.
5. Heimilt er að taka á móti allt að 100 tonnum af hjólbörðum, 1.000 tonnum af málmum og 50 tonnum af spilliefnum á ári sem send eru til meðhöndlunar annars staðar. Heimild til móttöku spilliefna einskorðast við spilliefni frá almenningi eða smærri fyrirtækjum, enda sé það í litlu magni, ekki sé um að ræða mjög hættuleg efni og engin meðhöndlun fari fram, önnur en söfnun og geymsla til skamms tíma.

Samkvæmt starfsleyfi móttöku- og flokkunarstöðvarinnar er óheimilt að geyma þar úrgang annan en þann sem tilgreindur er í upptalningunni hér að framan. Þó er heimilt að geyma á svæðinu ómengaðan jarðveg sem nýttur er til frágangs á urðunarstaðnum. Brennsla úrgangs er bönnuð á svæðinu. Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði stöðvarinnar skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn brennanlegs úrgangs á svæðinu má ekki fara yfir 500 rúmmetra á hverjum tíma, auk þess sem gerðar eru frekari kröfur varðandi tímabundna geymslu úr sér genginna ökutækja, eða annars olíusmitaðs úrgangs.

Í gildi er samningur milli Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og Gámaþjónustunnar hf. um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs á starfssvæði sorpstöðvarinnar og í samræmi við

---

<sup>22</sup> Umhverfisstofnun (2016): *Starfsleyfi. Móttöku- og flokkunarstöð og urðunarstaður að Strönd.* <http://ust.is/einstaklingar/mengandi-starfsemi/urgangur-og-efnamottaka/sudurland/sorpstod-rangarvallasyslu>.

Þetta sér Gámabjónustan um sorphirðu í sveitarfélögunum þremur. Úrgangurinn er fluttur í móttökustöðina á Strönd og viðkomandi sveitarfélag greiðir sorpstöðinni fyrir sorphirðu og flutning samkvæmt reikningum sem byggjast á innvegnu magni. Í móttökustöðinni er úrgangurinn flokkaður frekar eftir atvikum og umstaflað til frekari meðhöndlunar. Óflokkaður úrgangur er síðan fluttur til urðunar í Sorpu í samræmi við samning Sorpu við Sorpstöð Suðurlands bs. Samningur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu og Gámabjónustunnar gildir til nóvemberloka 2017.

Sorpstöð Rangárvallasýslu sér öllum heimilum í sveitarfélögunum þremur, jafnt í dreifbýli sem þéttbýli, fyrir tveimur 240 l tunnum, annarri (grárri) fyrir óflokkaðan heimilisúrgang og hinni (blárrí) fyrir þurrt og hreint efni til endurvinnslu. Tunnurnar eru losaðar samtímis á tveggja vikna fresti. Í bláu tunnuna má setja allan pappu og pappír, en gert er ráð fyrir að í framtíðinni taki tunnan einnig við plastumbúðum og málmum. Þeim sem óska eftir fleiri eða stærri ílátum fyrir heimilisúrgang geta haft beint samband við þjónustuaðila (nú Gámabjónustuna).

Íbúar og rekstraraðilar í Rangárvallasýslu geta losað sig við flokkaðan úrgang í móttöku- og flokkunarstöðinni á Strönd á opnunartímum stöðvarinnar á virkum dögum kl. 14-18 og á laugardögum kl. 11-15. Þar er einnig tekið við óflokkuðum heimilisúrgangi, allt að 2 m<sup>3</sup> á viku frá sama aðila án gjaldtöku. Gjald er að öðru leyti tekið fyrir úrgang skv. vigt og gjaldskrá. Fyrirtæki geta valið að fara með flokkaðan úrgang á Strönd eða kaupa þjónustu hjá verktökum sem bjóða slíka þjónustu. Fyrirtæki greiða fyrir allan gjaldskyldan úrgang sem komið er með á Strönd. Almennt er gert ráð fyrir að eigendur frístundahúsa semji beint við þjónustuaðila um sorphirðu og tunnulosun.

Auk stöðvarinnar á Strönd starfrækir Sorpstöð Rangárvallasýslu gámavöll á Hvolsvelli sem einkum er ætlaður íbúum sýslunnar og eigendum frístundahúsa. Rekstraraðilum er þó einnig heimilt að koma með úrgang þangað og greiða þá gjald eftir rúmmáli. Gámavöllurinn á Hvolsvelli er opinn þrisvar í viku í 2-4 klst. í senn.

Þrjár grenndarstöðvar eru starfræktar í Rangárvallasýslu; ein við Landvegamót, önnur á Hellu og sú þriðja við Seljalandsréttir undir Eyjafjöllum. Þessar stöðvar eru opnar allan sólarhringinn og taka við óflokkuðum úrgangi, pappu og plasti. Að öðru leyti hafa opnir gámar flestir verið fjarlægðir. Gámabjónustan losar gáma á grenndarstöðvum eftir þörfum og flytur innihald þeirra að Strönd.

Heyrúlluplast er sótt til íbúa sveitarfélaganna allt að því mánaðarlega og er gert ráð fyrir að losun sé pöntuð með minnst tveggja daga fyrirvara.

Sveitarfélögin annast sjálf vor- og hausthreinsanir og semja við Gámabjónustuna um að fjarlægja þann úrgang sem þannig fellur til og flytja hann í stöðina á Strönd.

Samkvæmt tiltækum gögnum féllu samtals til um 2.487 tonn af úrgangi á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu árið 2016, eða 707 kg. á íbúa. Þetta er yfir meðaltali sveitarfélaganna á Suðurlandi, en sker sig þó ekki úr. Samtals fóru um 459 kg/íbúa til urðunar (um 65% af heildarmagni). Líta ber á allar þessar tölur sem bráðabirgðatölur, þar sem ekki hefur farið fram nákvæm greining á magni úrgangs á svæðinu.

Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur gefið út veglegan bækling í samvinnu við Gámaþjónustuna með upplýsingum um helstu atriði sem varða úrgangsmál í sveitarfélögunum þremur.<sup>23</sup>

---

<sup>23</sup> Sorpstöð Rangárvallasýslu (2016): *Úrgangsmál og endurvinnsla í Rangárvallasýslu*.  
<https://issuu.com/arnylarakarvelsdottir/docs/rangarv-sysla-72pt>.

## 5. Staða úrgangsmála: Samantekt

Í þessum kafla eru dregnar saman þær upplýsingar sem fram koma í köflum um einstök sveitarfélög hér að framan, svo sem um aðstöðu til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs, tíðni losunar mismunandi íláta og um flokkunarmöguleika fyrir hina ýmsu úrgangsflokka. Einnig er gefið yfirlit yfir gildandi samþykktir sveitarfélaganna um meðhöndlun úrgangs og yfir gildandi gjaldskrár. Upplýsingarnar eru settar fram í töflum og myndum til að auðvelda samanburð.

### 5.1 Samþykktir og gjaldskrár

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum, setur sveitarstjórn „*sérstaka samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu þar sem tilgreind eru atriði um meðhöndlun úrgangs umfram það sem greinir í lögnum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Heimilt er að samþykkt taki til tveggja eða fleiri sveitarfélaga*“. Um samþykktir af þessu tagi gilda ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sem felur það m.a. í sér að samþykktirnar skuli birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Tafla 3 hefur að geyma yfirlit yfir gildandi samþykktir sveitarfélaga á Suðurlandi um meðhöndlun úrgangs, svo og um gildandi gjaldskrár. Í töflunni kemur fram dagsetning samþykktar og birtingardagur í Stjórnartíðindum.

Sveitarfélag	Númer	Heiti skjals (stytt)	Dags. samþ.	Dags. birt
Sveitarfélagið Ölfus	1101/2005	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	1.12.2005	20.12.2005
	1295/2016	Gjaldskrá fyrir sorphirðu	21.12.2016	5.1.2017
Hveragerðisbær	342/2010	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	29.3.2010	21.4.2010
	1326/2016	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpurðun	8.12.2016	19.1.2017
Sveitarfélagið Árborg	115/2010	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	1.2.2010	16.2.2010
	1272/2016	Gjaldskrá fyrir sorphirðu	14.12.2016	2.1.2017
Flóahreppur	352/2009	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	18.3.2009	6.4.2009
	1169/2016	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu	14.12.2016	27.12.2016
Grímsnes- og Grafningshreppur	36/2010	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	21.1.2010	25.1.2010
	1157/2016	Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs	9.12.2016	23.12.2016
Bláskógabyggð	37/2010	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	21.1.2010	25.1.2010
	1206/2016	Gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs	14.12.2016	29.12.2016
Hrunamannahreppur	575/2013	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	6.6.2013	21.6.2013
	1178/2016	Gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs	13.12.2016	28.12.2016
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	498/2010	Samþykkt um sorphirðu og meðh. úrgangs	8.6.2010	25.6.2010
	72/2017	Gjaldskrá f. sorph., sorpeyð. og seyrulosun	7.12.2016	30.1.2017
Ásahreppur	1345/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu	9.12.2015	3.3.2016
	433/2012	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	30.4.2012	15.5.2012
Rangárþing ytra	1327/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og meðh. úrgangs	9.12.2015	26.1.2016
	46/2012	Samþykkt um meðhöndlun úrgangs	12.1.2012	25.1.2012
Rangárþing eystra	1321/2015	Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu	10.12.2015	21.1.2016
	1316/2016	Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. fyrir sorphirðu og sorpeyðingu	15.12.2016	10.1.2017

Tafla 3. Gildandi samþykktir og gjaldskrár sveitarfélaga á Suðurlandi vegna meðhöndlunar úrgangs (miðað við 30. janúar 2017).

Eins og fram kemur í töflunni hér að framan hafa öll sveitarfélög á starfssvæði Sorpstöðvar Suðurlands að Ásahreppi frátöldum sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs. Af gjaldskrá Ásahrepps fyrir árið 2016 (nr. 1345/2015) má ráða að samþykkt Rangárþings ytra (nr. 433/2012) gildi fyrir sveitarfélagið. Gjaldskrár allra sveitarfélaganna hafa verið uppfærðar reglulega og þann 30. janúar 2017 lágu fyrir samþykktar og staðfestar gjaldskrár fyrir nýbyrjað ár í öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum. Gjaldskrá Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. fyrir sorphirðu og sorpeyðingu (nr. 1316/2016) kemur í stað gjaldskráa sveitarfélaga þriggja sem standa að stöðinni, en í gjaldskránni er þó ekki að finna ótvírætt ákvæði um að gjaldskrár sveitarfélaganna falli úr gildi.

## 5.2 Söfnun og meðhöndlun

Tafla 4 hefur að geyma yfirlit yfir aðstöðu til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs í einstökum sveitarfélögum á Suðurlandi. Í töflunni kemur fram fjöldi íláta eða stöðva, en enginn greinarmunur er gerður á mismunandi afkastagetu eða gæðum þjónustu.

	Sveitarfélagið Ölfus	Hveragerðisbær	Sveitarfélagið Árborg	Flóahreppur	Grímsnes- og Grafningshreppur	Bláskógabyggð	Hrunamannahreppur	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Sorpstöð Rangárvallasýslu
Tunna við heimili (óflokkað (grá))	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Tunna við heimili (pappír (blá))	1		1		1	1	1		1
Tunna við heimili (endurv (græn))		1		1	1	1		1	
Tunna við heimili (lífrænt (brún))		1		1					
Grenndarstöðvar							3		1
Mannaðir gá mavellir	1	1	1		1	3	1	2	1
Móttöku- og söfnunarstöðvar			1						1
Gámastæði í dreifbýli							3		2
Jarðgerðarstöðvar			1						
Aðrar vinnslustöðvar f. lífr. úrgang									
Urðunarstaðir (alm. úrgangur)									
Urðunarstaðir (óvirkur úrgangur)									1
Urðunarstaðir (lokaðir)	1								
Seyrugryfjur		1					1		

Tafla 4. Aðstaða til söfnunar og meðhöndlunar úrgangs í sveitarfélögum á Suðurlandi.

### 5.3 Losunartíðni

Tafla 5 hefur að geyma yfirlit yfir tíðni losunar úrgangs frá heimilum á Suðurlandi. Losunin er gefin upp í lítrum á viku til að mismunandi stærðir íláta hafi sem minnst áhrif á samanburð milli sveitarfélaga. Öll sveitarfélögin halda uppi samsvarandi þjónustu hvað sorphirðu varðar í dreifbýli og í þéttbýli. Í nokkrum tilvikum er tíðni losunar mismunandi eftir árstímum. Í slíkum tilvikum sýnir taflan vegið meðaltal, (námundað að næsta heila eða hálfra tug).

	Sveitarfélagið Ölfus	Hveragerðisbær	Sveitarfélagið Árborg	Flóahreppur	Grímsnes- og Grafningshreppur	Bláskógabyggð	Hrunamannahreppur	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Sorpstöð Rangárvallasýslu
Tunna við heimili (óflokkað (grá))	120	60	120	60	80	80	100	80	120
Tunna við heimili (pappír (blá))	60		60		40	40	40		120
Tunna við heimili (endurv (græn))		60		30	40	40		40	
Tunna við heimili (lífrænt (brún))		35		35					

Tafla 5. Tíðni losunar úrgangs frá heimilum á Suðurlandi í lítrum á viku.

### 5.4 Flokkunarmöguleikar

Tafla 6 sýnir flokkunarmöguleika fyrir einstaka úrgangsflokka í sveitarfélögum á Suðurlandi. Hafa ber í huga að aðstaða til flokkunar á tilteknum úrgangi í tveimur mismunandi sveitarfélögum getur verið ólík og þjónustustigið mishátt, enda þótt taflan bendi til að aðstaðan sé sambærileg.

	Sveitarfélagið Ölfus	Hveragerðisbær	Sveitarfélagið Árborg	Flóahreppur	Grímsnes- og Grafningshreppur	Bláskógabyggð	Hrunamannahreppur	Skeiða- og Gnúpverjahreppur	Sorpstöð Rangárvallasýslu
Dýrahrae				+	+	+	+	+	+
Heyrúlluplast	+			+	+	+	+	+	+
Bylgjupappi	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Sléttur pappi og fernur	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Plastumbúðir	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Drykkjarumb. Skilagjald	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Hjólbarðar	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Ökutæki	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Steypa, múr, flísar	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Timbur (hreint)	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Timbur (annað)	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Annar grófur úrgangur	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Dagblöð/tímarit/pappír	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Lífrænn úrgangur frá eldh.		+		+				(+)	
Textíl (fatnaður o.fl.)	+	+	+	+			+	+	+
Raf- og rafeindatæki	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Málmar (aðrir en ökutæki)	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Spilliefni	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Garðaúrgangur	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Seyra	+	+	+	+	+	+	+	+	+
Nytjahlutir	+	+	+	+			+	+	+

Tafla 6. Flokkunarmöguleikar í sveitarfélögum á Suðurlandi.



## 5.5 Magn úrgangs á hvern íbúa

Tafla 7 sýnir magn úrgangs á hvern íbúa á starfssvæði SOS, skipt eftir sveitarfélögum. Taflan er birt hér til að auðvelda samanburð milli sveitarfélaga, en sömu töflu er að finna í Viðauka 1.

Eins og Tafla 7 sýnir var úrgangsmagn 2016 hlutfallslega langmest í Grímsnes- og Grafningshreppi, eða um 3 tonn/íbúa. Þetta skýrist fyrst og fremst af gríðarlegum fjölda frístundahúsa í sveitarfélaginu. Minnstur virðist úrgangurinn vera í þéttbýlustu sveitarfélögunum, frá 375 kg/íbúa í Árborg upp í 636 kg/íbúa í Hveragerði. Í samanburði sem þessum milli sunnlenskra sveitarfélaga í dreifbýli annars vegar og þéttbýli hins vegar ber að hafa í huga að dreifbýlissveitarfélögin þjónusta rekstraraðila alla jafna í mun ríkari mæli hvað úrgangsmál varðar en tíðkast í þéttbýlinu, enda eru skil milli heimilishalds og rekstrar oft óljós í dreifbýlinu. Flest stærstu fyrirtækin er staðsett á þéttbýlisstöðunum og semja þá undantekningarlítið beint við gámafélög um úrgangþjónustu. Úrgangur sem fer þá leið endurspeglast ekki í þeim tölum sem kynntar eru í þessari skýrslu. Flóahreppur sker sig nokkuð úr öðrum dreifbýlissveitarfélögum á Suðurlandi hvað úrgangsmagnið varðar, en talsverður hluti af úrgangi þaðan skilar sér beint í móttökustöð ÍGF á Selfossi og er eftir það ekki „eyrnamerkur“ tilteknu sveitarfélagi.

Sveitarfélag:	Starfssvæði SOS	Tímabil:	2016								Íbúar 1. jan. 2016:	19.534
		Magn úrgangs eftir sveitarfélögum (kg/íbúa)										
Númer	Tegund úrgangs	Ólftus	Hveragerði	Árborg	Flóahreppur	Grímsnes- og Grafingshr.	Bláskógabyggð	Hrunamannahreppur	Skerða- og Gnúpverjahreppur	Sorpsstöð Rangseinga	SAMTALS	
Íbúar 1. jan. 2016		1.956	2.463	8.206	619	465	979	807	521	3.518	19.534	
Landbúnaðar-, ræktun-, veiðar, matv. vinnsl.	02 01 02	Dýrahæ og dýravefir (ekki úr vinnslu)	0	0	0	90	89	11	64	193	162	43
	02 01 04	Heyrúlluplast	0	0	0	120	55	67	29	0	8	11
	02 01 06	Húsdýraskítur	11	0	0	0	0	0	0	0	0	1
	02 01 99	Veiðarfæri	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Fiskúrgangur	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	02 02 02	Sláturúrgangur og annar kjötvinnsluúrgangur	0	0	0	0	0	0	23	0	0	1
Umhúðúrgangur	15 01 01a	Pappírs- og pappaubúðir (bylgjupappi)	6	10	6	0	29	22	15	0	9	9
	15 01 01b	Pappírs- og pappaub. (sléttur pappi og fernur)	30	0	57	0	34	37	53	0	11	34
	15 01 02	Plastumbúðir (aðrar en heyrúlluplast)	0	40	0	0	0	1	0	0	0	5
	15 01 02	Plastflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	15 01 04	Áldósir (með skilagjaldi)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	15 01 07	Glerflöskur (með skilagjaldi)	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Ymislegt	16 01 03	Hjólarðar	5	3	0	0	12	14	17	0	8	4
	16 01 04	Ökutæki	11	23	0	61	70	50	157	181	59	32
Byggingar- og niðurrifsúrgangur	17 01 00	Steinsteypa, múrsteinar, flísar, keramik	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	17 02 01 a	Tímbur (hreint)	12	35	13	0	170	46	0	0	4	18
	17 02 01 b	Tímbur (annað eða óflokkað)	72	74	37	49	432	143	0	105	35	60
	17 02 02	Gler	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
